



Kynhegðun og kynheilbrigði

Hvað mótar kynhegðun íslenskra unglunga?

Eva Björg Sigurðardóttir

Katrín M. Jónsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Kynhegðun og kynheilbrigði
Hvað mótar kynhegðun íslenskra unglinga?

Eva Björg Sigurðardóttir

Katrín M. Jónsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði
Leiðsögukennari: Steinunn Gestsdóttir

Uppeldis- og menntunarfræðideild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2013

Kynhegðun og kynheilbrigði
Hvað mótar kynhegðun íslenskra unglinga?

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til BA-prófs við
Uppeldis- og menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.
© 2013 Eva Björg Sigurðardóttir og Katrín M. Jónsdóttir
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala kennaranema
Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Ritgerðin fjallar um kynhegðun, kynheilbrigði og viðhorf unglunga á Íslandi til kynlífs. Leitast er eftir því að svara hvað það er sem mótar kynhegðun unglunga, þróun kynheilbrigðis og leiðir til að stuðla að bættu kynheilbrigði ungmenna. Tilgangur ritgerðarinnar er að öðlast sýn inn í heim unglunga og um leið skoða hvernig kynhegðun unglunga sé háttáð og viðhorf þeirra til kynlífs. Niðurstöður sýna að viðhorf unglunga virðist almennt vera opið er kemur að kynlífi og margbreytileika þess, misjafnt er þó hvaða athafnir falla undir skilgreiningu á kynlífi meðal unglunga. Unglingar byrja að stunda kynlíf mun fyrr en áður tíðkaðist auk þess sem tíðni kynsjúkdóma meðal íslenskra unglunga hefur aukist og eru íslenskir unglingar með hæðstu tíðni kynsjúkdóma í samanburði við Norðurlöndin. Ýmislegt mótar og hefur áhrif á viðhorf þeirra til kynlífs og má þar nefna fjölmiðla, klám, klám- og kynlífsvæðingu þjóðfélagsins auk þeirra fræðslu er þau fá innan skólakerfisins, heima fyrir og hjá jafningjum. Sjálfsmynd unglunga er í mótun og verða unglingar auðveldlega fyrir áhrifum óraunhæfra skilaboða sem finna má víða í þjóðfélaginu. Niðurstöður benda einnig á mikilvægi kynfræðslu heima fyrir þar sem málefni sem þessi séu rædd á jákvæðan hátt auk þess sem að nauðsynlegt er að móta heildstæða stefnu í kynfræðslumálum innan menntakerfisins til að stuðla að bættu kynheilbrigði.

Formáli

Ritgerðin var skrifuð vorið 2013 sem 14 eininga lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Áhugi okkar beggja beindist að þessu efni út frá áfanganum áhrif kláms og ofbeldis í myndmiðlum og ákváðum við fljótlega í kjölfar þess að sameina vinnu okkar að verkefninu til að okkur væri kleift að fjalla um efnið á yfirgripsmeiri hátt. Leiðbeinandi okkar var Steinunn Gestsdóttir dósent í þroskasálfræði við Menntavísindasvið, en helstu fræði- og rannsóknarsvið hennar snúa að æskilegum þroska barna og unglunga. Við viljum þakka henni kærlega fyrir þolinmæði, handleiðslu og stuðning á meðan við vinnslu verkefnisins stóð. Miklar þakkir fara til Þorsteins Jónssonar fyrir yfirlestur á verkefninu og fyrir góðar og gagnlegar ábendingar. Einnig fara þakkir til maka Katrínar, Hans Björnsonar, fyrir gagnlegar ábendingar og mikinn stuðning í gegnum námið. Báðum drengjum Evu, þeim Tristani og Degi, er þakkað fyrir að sýna móður sinni skilning og þolinmæði sem og Jóni Viðari fyrir að umbera hana á meðan á vinnslu verkefnisins stóð og þá hjálp sem hann lagði til. Foreldrum okkar beggja er einnig þakkað fyrir mikinn stuðning og mikla hvatningu í gegnum allt námið og síðast en ekki síst viljum við þakka hvor annarri fyrir gott samstarf, þolinmæði og góðan vinskapa síðast liðin þrjú ár.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
Formáli	5
Efnisyfirlit	6
Töfluyfirlit	7
1. Tafla 1. Fjöldi greindra klamydíutilfella á Íslandi meðal unglunga á aldrinum 15 - 19 ára	7
2. Tafla 2. Notkun getnaðarvarna: Hlutfall á hverja 1000 konu á aldrinum 15-49 ára	7
3. Tafla 3. Hlutfall fæðinga á hverja 1000 konu á aldrinum 15-19 ára	7
1 Inngangur.....	8
2 Unglingsárin	9
2.1 Vitsmuna-, félags- og tilfinningaþroski	10
2.2 Kynþroski.....	13
2.3 Sjálfsmynd og þróun hennar	15
3 Kynheilbrigði.....	17
3.1 Þróun kynheilbrigðismála á Íslandi.....	18
3.2 Viðhorf unglunga til kynlífs.....	20
3.3 Kynsjúkdómar og fóstureyðingar	23
3.3.1 Kynsjúkdómar og notkun getnaðarvarna	24
3.3.2 Fæðingartíðni og fóstureyðingar.....	27
4 Fjölmiðlar.....	29
4.1 Fjölmiðlanotkun unglunga.....	30
4.2 Fjölmiðlar, staðalímyndir og sjálfsmynd.....	33
4.3 Áhrif fjölmiðla á kynhegðun unglunga.....	37
5 Klám.....	40
5.1 Klám- og kynlífsvæðing.....	42
5.2 Viðhorf unglunga til kláms.....	43
5.3 Áhrif kláms á kynhegðun unglunga	46
6 Kynfræðsla og forvarnir.....	49
6.1 Forvarnir	50
6.2 Kynfræðsla í skólum	53
6.3 Kynfræðsla af hálfu foreldra.....	56
6.4 Kynfræðsla meðal jafningja	59
6.5 Samtök og stofnanir	61
7 Lokaorð.....	66
8 Heimildaskrá	70

Töfluyfirlit

1. Tafla 1. *Fjöldi greindra klamydíutilfella á Íslandi meðal unglunga á aldrinum 15 - 19 ára*
2. Tafla 2. *Notkun getnaðarvarna: Hlutfall á hverja 1000 konu á aldrinum 15-49 ára*
3. Tafla 3. *Hlutfall fæðinga á hverja 1000 konu á aldrinum 15-19 ára*
4. Tafla 4. *Hlutfall fóstureyðinga á hverja 1000 konu á aldrinum 15-19 ára*
5. Tafla 5. *Hvað telja íslenskir unglingar til kláms eða klámfenginna athafna?*
6. Tafla 6. *Hlutfall 16-19 ára unglunga í framhaldsskólum eftir því hve oft þau skoða klámblöð, horfa á klám í sjónvarpi, myndbandi, DVD eða á internetinu.*

1 Inngangur

Viðhorf unglunga til kynlífs virðist vera frjálst ef marka má niðurstöður rannsókna á viðhorfi íslenskra unglunga sem og hvaða athafnir unglingar skilgreina sem kynlíf. Í rannsókn Guðbjargar Kolbeinsdóttur (2007) má sjá að aðeins lítil hluti unglunga telja endaparmsmök og munnmök til kynlífs og eru unglingar auk þess með jákvætt viðhorf til hóp kynlífs og framhjáhalds. Vegna þess má velta fyrir sér hvað mótast það frjálst viðhorf unglunga og hvaðan fræðsla þeirra og upplýsingar um kynlíf auk kynheilbrigðis koma. Er það kynfræðsla menntastofnanna sem mótast slíkt viðhorf eða er þetta frá jafningjum komið? Gæti fræðsla foreldra eða skortur af henni haft eitthvað með slíkt viðhorf að gera eða jafnvel þau skilaboð sem sjá má í þeim fjölmörgu fjölmiðlum samtímans?

Gott kynheilbrigði lýtur að öryggi, umhyggju, trausti og jafnræði en sé vöntun á því getur einstaklingur orðið fyrir neikvæðri reynslu þar sem hvorki er hugað að tilfinningum, þroska né öryggi hans og ógnar það kynheilbrigði einstaklingsins (Sóley Bender, 2006b). Unglingsárin eru það tímabil þar sem einstaklingar móta sjálfsmynd sína og með því prufa sig áfram á hinum ýmsu sviðum lífsins. Unglingarnir þroskast bæði líkamlega sem og andlega og hefur það í för með sér miklar breytingar. Með fjölmiðlum auk klám- og kynlífsvæðingunni fá unglingar ákveðin skilaboð um hvernig þeir eiga að líta á út, haga sér og hvað það sé sem mestu máli skiptir til að falla inn í það samfélag sem unglिंगur tilheyrir. Aukið aðgengi að klámefni getur gefið unglिंगum sem á það horfir ranghugmyndir um hvernig kynlíf eigi að vera og eru þeir möguleikar fyrir hendi að kynhegðun þeirra mótast út frá því að ýmsu leyti.

Sjálfsmynd unglunga getur einnig haft áhrif þar á en á unglingsárunum er sjálfsmyndin að mótast og átök eru að eiga sér stað í unglिंगum um greiningu á milli persónulega sjálfínu og þeirri sjálfsmynd sem unglingar speglast í þjóðfélaginu. Sjálfsmynd unglunga verður fyrir sífelldu áreiti fjölmiðla og má því velta fyrir sér hvaða áhrif fjölmiðlar hafa á mótun sjálfsmyndar unglunga? Til að veita upp á móti þeim skilaboðum sem fjölmiðlar senda út í samfélagið og unglingar tileinka sér þar kynfræðsla að vera til staðar í skólaskrifinu, sem og inn á heimilum. Gæði kynfræðslu skiptir miklu máli svo kynhegðun unglunga nái að mótast á sem heilbrigðastan hátt og svo hún nái að sporna við áhættuhegðun er kemur að kynlífi.

Í ritgerðinni verður leitast eftir að skoða hvað mótar kynhegðun unglunga, hver staða hennar sé og helstu áhrifa- og áhættuþættir og hvað sé hægt að gera til að stuðla að bættu kynheilbrigði. Byrjað verður á því að skoða unglingsárin og þann þroska sem einstaklingar eru að taka út andlega séð sem og líkamlega. Því næst verður farið í að skilgreina kynheilbrigði og athuga hvernig hugtakið hefur þróast og breyst í gegnum tíðina. Að því loknu verður fjölmiðlanotkun unglunga, staðalímyndir í fjölmiðlum og áhrif þeirra á sjálfsmynd og kynhegðun unglunga skoðuð. Því næst verður áhrif kláms á kynhegðun unglunga gerð skil, klám-og kynlífsvæðingin verður rædd sem og viðhorf unglunga til kláms. Að lokum verður kynfræðsla menntakerfisins, heima fyrir, meðal jafningja og innan samtaka og stofnanna skoðuð.

2 Unglingsárin

Unglingsárin eru mikilvægur tími ævinnar þar sem miklar líkamlegar, andlegar og tilfinningalegar breytingar eru að eiga sér stað í einstaklingum. Talað er um að unglingsárin séu tímabil frá um 13 ára aldri fram að tvítugsaldri þar sem einstaklingur er farinn að þroskast og því ekki lengur líkamlega sem barn en þó ekki enn orðin nógu sjálfstæður og fullmótaður til að teljast fullorðinn (Ciccarelli og White, 2012). Þó svo ákveðinn aldur sé talin marka unglingsárin hafa margar rannsóknir þó sýnt fram á að mikill munur er á því hvenær kynþroskaskeið unglunga hefst auk þess sem misjafnt er hversu lengi það stendur yfir, en virðist það stjórnað af erfðum og umhverfisþáttum (Árni V. Þórsson, Atli Dagbjartsson, Gestur I. Pálsson og Víkingur H. Arnórsson, 2000).

Unglingsárin þekkjast hvað best á þeim sjáanlegu líkamsbreytingum sem eiga sér stað hjá einstaklingnum. Unglingar eru þó ólíkir og því misjafnt hvenær þeir taka þroska sinn út. Hjá sumum einstaklingum hefst líkamsþroskinn með meðfylgjandi líkamsbreytingum snemma á meðan aðrir taka þroskann seinna út og á lengri tíma. Sama hvort unglingar þroskast líkamlega hægt eða hratt eru þeir að ganga í gegnum gelgjuskeiðið á þessum viðkvæma tíma. Þeir eru því meðvitaðir um að þær breytingar sem eru að eiga sér stað og getur það valdið þeim vanlíðan. Gelgjuskeiðið er skeið sem fylgir unglingsárunum og felur það í sér miklar breytingar á andlegum, félagslegum og tilfinningarlegum þroska og eru þær breytingar ekki jafn auðsjáanlegar og þær líkamlegu breytingar sem eru einnig að eiga sér stað (Ciccarelli og White, 2012; UmMig, e.d.).

Flestir einstaklingar líta til baka á unglingsárin sem sérstakan tíma í lífi hvers og eins, tímabil sem einkenndist af dramatískum og áköfum tilfinningum auk vandræðalegra líkamsbreytinga (Cole, Cole og Lightfoot, 2009). Fyrir einhverja getur þessi tími reynst yndislegur á meðan aðrir upplifa hann sem erfiðan og átakanlegan. Sama hvernig upplifun einstaklings er af þessum tíma, má segja að allir upplifi hann á sinn hátt og ólíklegt sé að nokkur einstaklingur sé hlutlaus yfir þessum tíma (Cole o.fl., 2009). Hér fyrir neðan verður farið betur í þær þroskabreytingar sem fylgja unglingsárunum og einkenni þess tímabils betur skoðað.

2.1 Vitsmuna-, félags- og tilfinningaþroski

Þær þroskabreytingar í tengslum við vitsmuna-, félags- og tilfinningaþroska eru ekki jafn sýnilegar og þær líkamlegu breytingar sem unglingur gengur í gegnum. Unglingsárin einkennast oft á tíðum af miklum tilfinningum sem drifnar eru áfram af hvötum unglings í stað rökréttar hugsunar. Mikið er að breytast og eru unglingar að reyna finna stöðu sína innan samfélagsins á sama tíma og þeir reyna að svara þeim spurningum hverjir þeir séu, hvað þeir vilji og hvernig þeir passi inn í samfélagið. Tilfinningar unglingsáranna eru gjarnan ákafari í byrjun en verða stöðugri þegar líða fer á unglingsárin þar sem unglingar verða sífellt færari í að stjórna þeim. Þeir unglingar sem illa ná tökum á stjórnun tilfinninga eru líklegri til að upplifa fleiri neikvæðari tilfinningar á borð við þunglyndi, reiði og margskonar hegðunarvanda (Ciccarelli og White, 2012; Cole o.fl., 2009).

Umhverfi og félagslegar aðstæður sem unglingur þroskast í hefur mikið um það að segja hvernig hann nær tökum á að stjórna tilfinningum sínum og hefur það sýnt sig að fjölskyldan spilar veigamikið hlutverk í því sambandi. Foreldrar sem eru hlýir og sýna jákvæðar tilfinningar þegar einstaklingur er um 9 ára aldur eykur líkurnar á að sá einstaklingur eigi auðveldara með að stjórna sínum eigin tilfinningum tveimur árum síðar og eigi svo við færri hegðunarvandamál að stríða tveimur árum eftir það (Cole o.fl., 2009). Stúlkur eru taldar tilfinninganæmari en drengir og virðast stúlkur tala meira um tilfinningar sínar en drengir, en talið er að umhverfið eigi stóran þátt í því (Cole o.fl., 2009).

Vitsmunaproski unglings segir mikið til um hvernig einstaklingur horfir á sjálfan sig, jafningja sína, sambönd sín og umheiminn og er hann því talin skipta miklu máli í því

ljósi. Svissneski sálfræðingurinn Jean Piaget, frumkvöðull í þróunarsálfræði, setti fram kenningu um hvernig vitsmunabroski þróast. Samkvæmt honum fer einstaklingur í gegnum fjögur stig við þróun vitsmunabroskans og byrjar fyrsta stigið strax við fæðingu. Fyrsta stigið kallaði hann *skynhreyfistig* og stendur það frá fæðingu til tveggja ára aldurs þar sem þroski vitsmuna fer fyrst og fremst fram í gegnum skynjun og hreyfingu. Annað stigið nefndi hann *foraðgerðar* stig þar sem einstaklingur er á aldrinum tveggja til sjö ára og skilur umheiminn út frá sínu eigin sjónarhorni. Þriðja stigið er skeið *hlutbundinna aðgerða* þar sem skilningur á rökhugsun fer að myndast og einstaklingur fer að beita þeim til að skilja hluti í kringum sig. Fjórða og síðasta skeiðið nefndi hann skeið *formlegra aðgerða* en á því skeiði eru einstaklingar frá tólf ára aldri og upp úr. Á því skeiði fer óhlutbundin rökhugsun að myndast, einstaklingar verða færir um að skilja huglæg hugtök, geta velt fyrir sér ýmsum möguleikum, jafnvel hlutum sem væru ómögulegir (Ciccarelli og White, 2012; Cole o.fl., 2009).

Þrátt fyrir kenningu Piaget um að unglingar væru á skeiði formlegra aðgerða taldi hann þó að ekki gætu allir náð þessu stigi. Rannsóknir hafa stutt þá kenningu og hafa sýnt fram á að aðeins helmingur af íbúum bandaríkjanna hafa náð þessu stigi (Ciccarelli og White, 2012). Unglingar og þá sérstaklega þeir unglingar sem hljóta menntun innan menntakerfisins færast yfir á seinasta stig Piaget þar sem endanleg þróun verður á vitsmunabroskanum í ennisblaði heilans (*e. frontal lobe*). Sá partur heilans sinnir skilningi, skipulagi og ákvörðunartökum einstaklings. Þrátt fyrir að unglingur stefni hægt og rólega í átt að hugsunarhætti fullorðna á þessu stigi er hann þó ekki orðin laus við sjálflæga hugsun (*e. egocentric*). Á þeim tímapunkti í lífinu sést sjálflægnin hvað best í gagntekningu eigin hugsanna. Unglingar hugsar meira inn á við og geta jafnvel sannfært sjálfa sig um að þeirra skoðun séu jafn mikilvæg í augum annarra eins og þær eru hjá þeim sjálfum. Þeir telja sig vera einstaka og mun félagslega þýðingameiri en þeir í raun eru. Þessi sjálflægni sést hvað best á tvenna vegu, annars vegar í hugtaki sem nefnist persónusaga (*e. personal fable*) og hinsvegar í ímynduðum áhorfendum (*e. imaginary audience*). Persónusaga lýsir sér í hugsun sem snýr að þeim sjálfum. Þau verða sannfærð um að þau séu einstök, jafnvel að þau séu fyrstu einstaklingarnir til að upplifa ákveðnar tilfinningar. Þetta getur verið hættulegur hugsunarháttur þar sem þau upplifa sig oft sem vernduð frá óhöppum og leiðir það gjarnan til ótímabæra þunganna eða slysa (Ciccarelli og White, 2012).

Ímyndaðir áhorfendur er hugarástand sem gerir unglunga sjálfsmeðvitaða. Þeir sannfæra sjálfan sig um að þeir séu miðja athyglinnar og að öll augu séu á þeim. Unglingar ímynda sér hvernig aðrir koma til með að bregðast við útliti þeirra og hegðun. Þetta gerir það að verkum að unglingar eru gjarnan meðvitaðir og óöruggir með sjálfa sig. Sumir fræðimenn trúa því að sjálfhverfa sé þó ekki alltaf af því slæma og geti í raun verið gagnleg unglíngum og bendi til aukins vitræns þroska (Berger, 2011; Ciccarelli og White, 2012).

Þetta eru þó ekki einu breytingarnar sem eru að eiga sér stað í lífi unglunga, heldur eru miklar breytingar einnig að eiga sér stað í samskiptum við jafnaldra. Á unglingsárunum verja einstaklingar mun meiri tíma með jafnöldrum sínum en áður. Þeir eru farnir að verja allt upp í tvisvar sinnum meiri tíma með vinum en fullorðnum og oftast án eftirlits. Vinskapur á unglingsárunum hefur tvö grundvallar hlutverk og eru þau nán tengsl (*e. intimacy*) og sjálffræði (*e. autonomy*). Þessi tvö hlutverk eru gjarnan í jafnvægi í vinskapi unglunga, en ef ekki, getur verið hætt á að þrýstingur myndist til áhættuhegðunar á borð við óábyrgt kynlíf, afbrot eða vímuefni. Þessi þrýstingur eykst ef lítið eftirlit af hálfu fullorðna er (Cole o.fl., 2009).

Vinir eru unglíngum ákaflega mikilvægir sama til hvor kynsins sé lítið. Kynin mynda þó með sér ólíka vináttu og leggja stúlkur meiri áherslu á tilfinningalega nálægð en drengir meira til samkeppni og sameiginlegra markmiða. Vinasambandið breytist einnig hjá unglíngum og fara kynin að þróa með sér rómantísk sambönd. Dexter Dunphy (1963) taldi að ferli rómantíks sambands færi í gegnum fimm stig. Vinahópur af sama kyni í byrjun unglingsáranna halda á leið til vináttu af blönduðu kyni á miðhluta unglingsáranna, sem síðar sundrast þegar meðlimir í klíkunum byrja í rómantísku sambandi. Rómantísk sambönd hvetja unglunga til að tjá tilfinningar sínar, ást og kynhneigð og þrátt fyrir að flest ástarsambönd endist ekki alla ævi leggja þau mikilvægan grunn fyrir komandi ástarsambönd á fullorðinsárum (Berger, 2011; Connolly og McIsaac, 2011; Dunphy, 1963).

Má því segja að margar breytingar að eiga sér stað í lífi einstaklings á unglingsárunum, margar nýjar tilfinningar eru farnar að láta bæra á sér auk þess sem einstaklingur er að þroska með sér vitsmunapróska. Rómantísk sambönd fara að myndast og nýjar tilfinningar og hugsanir þjóta um hugann. Þetta eru þó ekki einu

breytingarnar sem eru í gangi heldur er unglingurinn á sama tíma að upplifa miklar breytingar á líkama sínum en betur verður farið í það hér fyrir neðan.

2.2 Kynþroski

Þegar talað er um unglingsárin er mikilvægt að gera greinarmun á því sem kallast kynþroskaskeið og gelgjuskeið. Gelgjuskeiðið eru þær andlegu, tilfinningalegu og félagslegu breytingar sem eiga sér stað á unglingsárunum en með kynþroskaskeiðinu er yfirleitt eingöngu átt við þær líkamlegu breytingar sem eiga sér stað (UmMig, e.d.). Kynþroskinn er það skeið sem einkennir hvað helst unglingsárin og er oft kallað hraðvaxtarskeið þar sem það einkennist af hröðum og miklum þroska. Samkvæmt líffræðilega sjónarhorninu verður kynþroski til við margþætta kirtlavirkni sem örvuð er af heiladingli (e. *pituitary gland*) þegar ákveðnum erfðafræðilegum aldri er náð. Sálfélagslegir- og umhverfisþættir á borð við stress, næringu og hversu miklu líkamlegu formi einstaklingur er í getur haft mikið um það að segja hvenær kynþroskinn mun eiga sér stað (Berger, 2011; Ciccarelli og White, 2012).

Meðalaldur stúlkna við fyrstu kynþroskamerki er 12,8 ára á meðan meðalaldur drengja er 13 ára (Berger, 2011). Líkamlegar breytingar eru bæði að eiga sér stað í æxlunarfærum einstaklinga sem og í hárvexti og vöðvavefjum. Þær líkamlegu breytingar sem eiga sér stað hjá stúlkum eru meðal annars þær að geirvörtur og brjóst stækka, mjaðmir breikka, skapahár myndast og blæðingar hefjast. Líkamlegar breytingar drengja eru hins vegar þær að röddin dýpkar, skeggvöxtur hefst, vöðvamassi eykst, limur stækkar, skapahár byrja að myndast og fyrsta sáðlátíð á sér stað. Á meðan á kynþroskaskeiðinu stendur framleiðir líkaminn um átta sinnum meira *estrogen* kynhormón hjá stúlkum og fyrstu tíðarblæðingar myndast. Hjá drengjum hins vegar framleiðir líkaminn um tuttugu sinnum meira af *testosterone* kynhormóni og með því fá þeir sitt fyrsta sáðlát. Með þessu fer líkami beggja kynja að undirbúa sig undir það að geta eignast barn. Áhugi á kynlífi vaknar og verður sterkari eftir því sem aukning kynhormónanna verður meiri. Hormónin hafa einnig áhrif á hegðun unglunga og valda ákveðinni seinkun á svefn-vöku munstri þeirra. Það veldur því að margir unglingar vaka fram eftir á nóttunni og eiga erfiðara með að halda sér vakandi á morgnanna. Svefn-vöku munstrið er einnig einstaklingsbundið og með þeirri seinkun sem verður á því

mynstri á unglingsárum getur það sett unglinga í ákveðna hættu fyrir ófélagslegri hegðun þar sem þeir vaka þegar þeir fullorðnu sofa (Berger, 2011; Ciccarelli og White, 2012; Angeleri, Giudice og Manera, 2009).

Eins og fram hefur komið geta sálfélagslegir þættir á borð við streitu, næringu og þjálfun haft mikið um það að segja hvenær kynþroski muni eiga sér stað. Niðurstöður nokkurra langtíma rannsókna hafa sýnt fram á að stress tengist því hversu snemma unglingar byrja á kynþroskaskeiðinu. Í rannsóknunum var börnum fylgt eftir frá því að þau voru ungabörn og fram að unglingsárum og leiddu niðurstöður þeirra í ljós að sterk tengsl voru að finna á milli uppeldisaðstæðna og hversu snemma einstaklingarnir byrjuðu á kynþroskaskeiðinu (Berger, 2011).

Þeir einstaklingar sem bjuggu við skipandi uppeldi í æsku þar sem rasskellingar voru algengar, mikillar virðingar í garð foreldra krafist auk mikillar hlýðni og lítið var um alúð, voru stressaðri en önnur börn og byrjuðu því fyrr á kynþroskaskeiðinu. Kynjamun var þó að finna í þeim rannsóknum og voru það frekar stúlkur sem þroskuðust fyrr en drengir sem leiddi til þess að stúlkurnar voru líklegri til að taka áhættur sem tengdust kynlífi. Þær voru líklegri til að eiga fleiri kynlífsfélaga, fá kynsjúkdóma eða verða snemma ófrískar. Þeir drengir sem fóru snemma á kynþroskaskeiðið voru líklegri til að sýna af sér óábyrga kynhegðun, verða feður á unglingsaldri og glíma við þunglyndi eða önnur sálfræðileg vandamál í samanburði við þá drengi sem gerðu það ekki. Þeir voru einnig líklegri en jafnaldrar sínir til að fara umgangast eldri stráka og er þá ekki samræmi milli líkamlegs og tilfinningalegs þroska og aukast líkur á áhættuhegðun vegna þess. Þau börn sem búa við harðan aga þurfa því að þroskast fyrr og fá því ekki að njóta þeirra forréttinda að fá að vera barn á sínu eigin heimili með þeirri alúð og athygli sem þeim vantar (Berger, 2011).

Næring og svefn er mikilvægur þáttur á unglingsárunum og þarf líkaminn mun meiri næringu og svefn á meðan á vaxtaskeiðinu stendur. Meðalaldur stúlkna þegar þær hafa sínar fyrstu blæðingar er um 12-13 ára eins og áður sagði og má sjá að sá aldur hefur lækkað síðustu áratugi sem rekja má til aukinna hitaeininga í fæði. Þær stúlkur sem fá ekki næga næringu byrja seinna á blæðingum og er aldur stúlkna í dag er þær ljúka kynþroskaskeiðinu almennt í kringum 16 ára aldur. Karlmennt náðu fullri líkamshæð í kringum 25 ára aldur fyrir nokkrum áratugum en nú ná þeir fullri hæð og ljúka kynþroska í kringum 18 ára en það má einnig rekja til betri næringar. Tilfinningar

á tímum unglingsáranna geta verið mjög mismunandi og er talið að stúlkur þjáist frekar af vanlíðan og lélegri sjálfsmynd en strákar þegar þær byrja á kynþroskaskeiðinu (Ciccarelli og White, 2012). Áhugavert er því að skoða hvernig sjálfsmynd þróast á unglingsárum og hvað er að eiga sér stað á meðan sú þróun er í gangi.

2.3 Sjálfsmynd og þróun hennar

Þroski persónuleikans og félaglegra samskipta einkennist af þróun sjálfsmyndar. Það að upplifa og skilgreina sjálfa sig er stórt þáttur af ferli unglingsáranna og hefur mikið með það að gera hvernig sjálfsmynd þróast (Ciccarelli og White, 2012). Sænski þroskasálfræðingurinn Erik Erikson var fyrsti fræðimaðurinn sem lagði fram kenningu sem náði yfir allt lífsskeiðið. Samkvæmt hans kenningu gengur einstaklingur í gegnum átta stig á lífsleiðinni og innihalda þau ákveðin verkefni sem leysa þarf úr á sem farsælastan hátt. Hann taldi að eitt að aðalverkefnum unglingsáranna væri að uppgötva sjálfsmynd sína þar sem um fimmtu sálfélagslegu kreppuna væri um að ræða. Á stigi unglingsáranna væri sjálfsemd einstaklings (e. identity) að takast á við sundraða sjálfið (e. role confusion) og þyrfti einstaklingur að finna jákvæða lausn á þeim átökum. Samkvæmt Erikson eru unglingar að finna út hverjir þeir séu en á sömu stundu ringlaðir þar sem margar hugsanlegar leiðir eru fyrir þá til að velja úr. Unglingar eru að ganga í gegnum þá kreppu að reyna skilgreina sjálfan sig og taka afstöðu gagnvart mörgum þáttum sem tilheyra auknu sjálfstæði, þar á meðal sinn eigin starfsframa og afstöðu til hjónabands. Erikson taldi að þessi kreppa leysist ekki fyrr en unglingar hafa fundið út hverjir þeir eru og talaði hann um að hægt væri að ná heildstæðri sjálfsvitund með því að ná fram jafnvægi milli sjálfsemdar og sundraða sjálfsins. Heilstæð sjálfsvitund fælist í skilningi á eigin sjálfi, með tilliti til reynslu og framtíðaráforma (Berger, 2011; Ciccarelli og White, 2012; Eriksson, 1968).

Nýrri kenningar um þróun sjálfmyndar hafa sprottið upp í kjölfar kenninga Eriksons og er ein af þeim kenning James Marcia. Kenning hans segir að sjálfsmynd þróist út frá fjórum þáttum. Fyrsti þátturinn kallast forgefin sjálfsvitund (e. *achievement*) og felst í því að unglingar samsinni gildum foreldra og samfélags athugasemdarlaust. Annar þátturinn nefnist sundrað sjálf (e. *role confusion*) og felst í því að unglingar hafa fáar skuldbindingar, óljós gildi og sýna ekki áhuga í að vinna í sjálfsmynd sinni. Þriðji þátturinn kallast átakaskeið (e. *foreclosure*) og felst í að unglingar láta reyna á það

hvernig umhverfið bregst við þegar þeir sýna á sér ýmsar hliðar en eru þó ekki farnir að huga að framtíðaráformum sínum. Fjórði og síðasti þátturinn kallast svo heildstæð sjálfsvitund (e. *moratorium*) og á sér vanalega stað í lok unglingskeiðsins og hafa unglingar þar myndað sér heildstæða sjálfmynd og áttað sig á því hver þeir eru (Berger, 2011).

Sjálfsmýnd einstaklings er sú mynd sem við drögum upp af sjálfum okkur, hún er saman sett af þeirri mynd sem við sjáum okkur og þeirri mynd sem við speglum okkur í þjóðfélaginu og getur reynst erfitt að samhæfa þessa tvær myndir. Þróun sjálfsmýndar er flókið verkefni en á sama tíma mikilvægt ferli sem hver og einn þarf að kljást við á ævinni. Það getur verið langt ferli að komast að sinni sönnu sjálfsmýnd og komast sumir aldrei að niðurstöðu. Það er mikilvægt að skilja sjálfsmýndina sína og finna út hvernig hún er, hvað það er sem við viljum, hvað lætur okkur líða best og hvað það er sem okkur finnst í alvöru. Öll skaðleg hliðaspor geta dregið úr hæfni einstaklings til þess að vinna í sjálfsmýnd sinni á réttan hátt og eru unglingsárin eitt mest mótandi tímabilið þar sem breytingar eru að gerast hratt og einstaklingarnir eru óvissir um allar ákvarðanatökur og sína innri rödd (Halla Ólafsdóttir, e.d.).

Sjálfsmýndin hefur mikið með það að segja hvernig einstaklingar bregðast við utanaðkomandi áreiti sem beinist stanslaust að þeim á degi hverjum. Með hjálp sjálfsmýndar ákveða einstaklingar hvað hæfir best þeirra sjálfsmýnd og eru teknar ákvarðanir út frá því sem oftast eru ómeðvitaðar. Með því getur sjálfsmýndin til að mynda sagt einstaklingnum hvort honum finnst í lagi að horfa á klám eða beita ofbeldi og hefur þannig áhrif á það hvert við stefnum í lífinu eða hvernig við viljum láta koma fram við okkur í kynlífi (Rúnar Steinn Benediktsson, 2008). Sjálfsmýndin hefur mikið með það að gera hvernig einstaklingur hagar sér í lífinu, hvernig hann ber sig að og hvaða ákvarðanir eru teknar.

Unglingsárin er tími mikilla breytinga, sjálfsmýndin er hvað mest í mótun og er einstaklingur því viðkvæmur fyrir áreiti í kringum hann. Það umhverfi og þær félagslegu aðstæður sem unglingur þroskast í hefur mikið um það að segja hvernig hann nær tökum á að stjórna sínum tilfinningum og hefur vitsmunaproski mikið um það að segja hvernig einstaklingur horfir á sjálfan sig, sambönd sín og umheiminn. Líkami einstaklings verður einnig fyrir miklum breytingum á unglingsárunum, líkami beggja

kynja fer að búa sig undir það að geta eignast barn og framleiðsla kynhormóna eykst, en með því getur áhugi á kynlífið á sama tíma aukist. Mikilvægt er að stuðla að góðu kynheilbrigði unglunga en gott kynheilbrigði lýtur að öryggi, umhyggju, trausti og jafnræði en sé vöntun á því getur einstaklingur orðið fyrir neikvæðri reynslu þar sem hvorki er hugað að tilfinningum, þroska né öryggi hans og ógnar það kynheilbrigði einstaklingsins (Ciccarelli og White, 2012; Cole o.fl., 2009; Sóley Bender, 2006b).

3 Kynheilbrigði

Kynheilbrigði (e. sexual- and reproductive health) er nokkuð nýlegt hugtak og hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) unnið að því að skilgreina það allt frá árinu 1974. Skilgreining á kynheilbrigði hefur breyst talsvert í gegnum tíðina en sú skilgreining sem er við lýði í dag segir að kynheilbrigði sé samþætting líkamlegra, tilfinningalegra, vitsmunalegra og félagslegra þátta kynverunnar á þann hátt að vera gefandi og styrkjandi fyrir einstaklinginn, samskipti hans og ást (UNICEF, 2011). Kynheilbrigði er hluti af almennum heilbrigði einstaklings og skiptist upp í kynlífsheilbrigði og frjósemisheilbrigði.

Kynlífsheilbrigði (e. *sexual health*) má skilja í ljósi hugmynda Maltz (1995) um tvíátta stefnu kynorkunnar. Maltz telur kynorkuna vera náttúrulegt afl sem getur beinst í jákvæðan eða neikvæðan farveg. Sá jákvæði farvegur er lýtur að kynlífsheilbrigði er uppbyggjandi fyrir einstakling og er þar lögð áhersla á öryggi, umhyggju, traust og jafnræði. Neikvæði farvegurinn hins vegar einkennist af óheiðarleika, svikum, sársauka og veldur neikvæðri reynslu auk þess sem hvorki er hugað að tilfinningum, þroska einstaklings né öryggi hans. Má því segja að neikvæði farvegurinn sé ógnun við kynheilbrigði einstaklings (Maltz, 1995).

Frjósemisheilbrigði (e. *reproductive health*) er skilgreint af WHO sem heilbrigt og ábyrgðarfullt kynlíf sem tekur mið af rétti og frelsi fólks til að eignast börn. Inn í það fellur einnig réttur einstaklings á fræðslu um kynlíf, barneignir, getnaðarvarnir og heilbrigðisþjónustu á meðgöngu (WHO, 2001). Frjósemisheilbrigði á einnig við um líkamlega, andlega og félagslega vellíðan í öllu sem viðkemur frjósemi og ferli æxlunar (Ungt fólk og kynlíf, 2011). Þrátt fyrir að hugtakið kynheilbrigði sé tiltölulega nýtt, hefur þó verið töluverð söguleg þróun í orðræðu um kynlíf á Íslandi og verður sú þróun skoðuð hér fyrir neðan.

3.1 Þróun kynheilbrigðismála á Íslandi

Lengi fram eftir síðustu öld var áhersla á heilbriggt kynlíf takmörkuð en athyglin beindist einkum að frjósemi og barneignum. Umfjöllun um kynheilbrigði gerir hlut kynlífsheilbrigðis og frjósemisheilbrigðis jafnari. Eftir að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) setti fram skilgreiningu á kynheilbrigði dró það enn fremur fram mikilvægi þess að njóta kynlífs óháð barneignum. Þróunarsögu kynlífs og kynheilbrigðis hefur verið skipt í fjögur tímabil sem ná frá þögn til þekkingar. Áður ríktu fáfræði og fordómar gagnvart kynlífi, ekki mátti ræða um það og þótti fræðsla um það syndsamleg. Hér fyrir neðan eru þessi fjögur tímabil þróunar skilgreind og með því lagður víðtækari skilningur í kynlífsheilbrigði (Sóley S. Bender, 2006a).

Fyrsta tímabilið er nefnt *þögnin og fáfræðin* en það tímabil endurspeglar það hversu óviðeigandi það þótti að fjalla um þessi mál og þau lagalegu og siðferðislegu höft sem sett voru á kynfræðslu hér á landi. Aðalsteinn Sigmundsson kennari í Austurbæjarskóla var fordæmdur í samfélaginu árið 1934 fyrir að fræða um kynfæri líkamans, en leit samfélagið á að þessi kynfræðsla hefði leitt til kynferðislegrar hrösunar ungmenna. Sjálfsfróun var talin sjálfsekkun og var trúað að slíkt sjúkt kynferðislíf gæti leitt til geðveikis, flogaveikis auk fjölda annarra einkenna. Árið 1935 voru svo sett lög á Alþingi sem snerust um að aðeins læknar máttu hafa upplýsingar um getnaðarvarnir undir höndum. Fjörtíu árum síðar eða árið 1975 komu fram lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf, barneignir, fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, en þau lög rufu fræðsluhöft um getnaðarvarnir á Íslandi (Sóley S. Bender, 2006a).

Annað tímabilið nefnist *frjósemin í fyrirrúmi* og er það á sviði kynlífs og barneigna. Það tímabil þótti draga fram mikilvæg atriði sem ekki áður höfðu verið lögð áhersla á. Fram til ársins 1960 lagði WHO litla áherslu á fjölskylduáætlun en á því ári samþykktu allsherjarþing Sameinuðu Þjóðanna (*General Assembly*) að sú áætlun væri grundvallarréttur mannsins og hluti af einstaklingsfrelsi. Fjölskylduáætlun var iðulega aðgreind frá öðrum heilbrigðismálum fram að árinu 1968 en á 21. alþjóðlega heilbrigðisþingi WHO, sama ár, var samþykkt að fjölskylduáætlun væri mikilvægur hluti heilbrigðisþjónustunnar. Skilgreining WHO á fjölskylduáætlun var sett fram árið 1970, en fjallaði hún meðal annars um mikilvægi þess að geta komið í veg fyrir óvelkomna þungun, eignast velkomið barn og ákvarða fjölda barna í fjölskyldu. Í boði var svo þjónusta sem gerði fólki kleift að ná settum markmiðum um barneignir, og fól hún

meðal annars í sér fræðslu og ráðgjöf um fjölskylduáætlun, útvegum getnaðarvarna og fræðslu um foreldrahlutverk. Fræðsla um kynlíf átti að vera í boði en ljóst var að kynlíf væri ekki aðalatriðið því ekkert var fjallað um það. Á níunda áratugnum fór svo að bera á umfjöllun um hugtakið frjósemisheilbrigði, en það varðaði rétt kvenna í sambandi við fjölskylduáætlun. Meginatriði þessa tímabils fólst í að fólk viðhéldi besta heilbrigði hvað frjósemi varðar og þó lítillaga hafi verið minnst á vægi kynlífs var það ekki í hávegum haft (Sóley S. Bender, 2006a).

Árið 1990 fór umfjöllun um kynheilbrigði að aukast á alþjóðlegum vettvangi og markaði það þriðja tímabilið sem nefnist *Vægi kynlíf eykst*. Með því var lögð áhersla á heilbriggt kynlíf og heilbrigða frjósemi. Slíkar áherslur komu meðal annars fram í starfsáætlun Alheimssamtaka um fjölskylduáætlun (IPPF) árið 1992 og náðu til ársins 2000, sem og í skýrslu WHO árið 2001. Nauðsynlegt þótti að gefa kynlífi meiri gaum en áður í stað þess að setja það undir sama hatt og frjósemin (Sóley S. Bender, 2006a).

Fjórða og síðasta tímabilið er *Aukin þekking* en á því tímabili fór að bera meira á umfjöllun um heilbriggt kynlíf. WHO setti fram skilgreiningu sína um kynlífsheilbrigði á fundi sem haldin var í Genf árið 1974 en sú skilgreining lagði áherslu á samspil líffræðilegra, tilfinningalegra, vitsmunalegra og félagslegra þátta í kynlífinu sem væru gefandi og styrkjandi fyrir einstaklinginn. Í skýrslu WHO árið 1975 kom fram að grundvallaratriði væri að veita réttar upplýsingar um kynlíf til þess að stuðla væri hægt að kynlífsheilbrigði. Í skýrslunni var einnig greint frá þremur grundvallaratriðum í hugtakinu kynlífsheilbrigði. Þau væru í fyrsta lagi að geta notið og stjórnað kynlífi og frjósemi þess í samræmi við félagsleg og persónuleg gildi. Í öðru lagi að vera ekki haldin neikvæðum tilfinningum á borð við ótta, skömm eða sektarkennd sem gætu haft áhrif á kynferðisleg sambönd fólks og í þriðja og síðasta lagi að vera ekki haldin neinum líkamlegum kvillum sem gætu haft áhrif á kynlífið eða frjósemi. Kynlíf átti að líta á jákvæðan hátt og átti viðhorf til þess að stuðla að uppbyggjandi kynferðislegu sambandi á milli einstaklinga (Sóley S. Bender, 2006a).

Árið 1987 var vinnuhópur á vegum WHO sem skoðaði hugtakið kynlífsheilbrigði út frá menningu, sögulegu samhengi og ólíkum þörfum einstaklinga. Mikilvægt þótti að taka mið af menningu og ríkjandi gildum, margbreytileika heilbrigðs kynlífs sem og að hver og einn einstaklingur gengur í gegnum kynþroskann á ólíkan hátt. Nútímaskilningur sem lagður er í kynlífsheilbrigði gengur út frá því að ekki megi brjóta

persónuleg viðhorf til kynlífs í bága við siðferðiskennd kynlífsfélaga sem og að ákveðnar reglur og viss siðferðismörk verði að gilda í kynlífi og kynferðislegum samskiptum. Hver og einn setur sér mörk sem aðrir þurfa að virða, en falla þau undir kynlífsrétt manneskjunnar (Sóley S. Bender, 2006a).

Kynlífsréttur (e. sexual rights) einstaklings er því alþjóðlegur réttur sem grundvallast á frelsi, virðingu og jafnrétti manna. Skilgreining þessi á kynlífsrétti fólks byggist á samþykkt er gerð var árið 1999 á alþjóðlegu þingi Alheimssamtaka um kynfræði (World Association for Sexology). Skilgreiningin um kynlífsrétt fólks er sett fram í ellefu meginatriðum en þau eru réttur til frjálsræðis í kynlífi, réttur til sjálfstjórnar í kynlífi og líkamlegs öryggis, réttur til einkalífs í kynlífi, réttur til sanngirni í kynlífi, réttur til að njóta kynlífs, réttur til að sýna kynferðislegar tilfinningar og tengjast öðrum á frjálsan hátt, réttur til að taka óþvingaðar og ábyrgar ákvarðanir um barneignir og takmörkun þeirra. Einnig er talað um rétt einstaklinga til kynfræðslu sem byggður er á vísindalegum grunni, rétt til alhliða kynfræðslu og rétt til kynheilbrigðisþjónustu (Sóley S. Bender, 2006a).

Orðræðan um kynlíf hefur mikið breyst þegar horft er yfir þróunarsögu yfir sjötíu ára tímabils hennar. Hún einkenndist í upphafi af fráfræði og óöryggi en með tímanum hefur vaxið skilningur á nauðsyn þess að leggja áherslu á heilbrigði kynlífs og þess að ræða það á eðlilegan hátt. Nú til dags hafa unglingar meðal annars ótakmarkaðan aðgang að efni sem tengist kynlífi og hefur því mikið breyst frá því að þögnin var algjör (Sóley S. Bender, 2006a). Áhugavert er því að skoða hvernig viðhorf unglunga til kynlífs er í dag og hvað mótast það viðhorf.

3.2 Viðhorf unglunga til kynlífs

Kynhegðun unglunga hefur breyst töluvert á undanförunum árum og með því viðhorf þeirra til kynlífs. Ein af þeim breytingum sem hefur átt sér stað í menningu íslenskra unglunga er aukin áhersla á „frelsi til að velja“ og er það skilgreint meðal annars út frá því að hverjum og einum er gefinn þess kostur að ákveða hvenær hann eða hún vilji byrja að stunda kynlíf. Frelsi þetta er þó ekki byggt á jafnréttisgrundvelli og er enn talið að kynhegðun stúlkna sé eitthvað sem halda þurfi í skefjum. Þær stúlkur sem sagðar eru sofa mikið hjá eru iðulega stimplaðar lauslátar en kynhegðun drengja er að jafnaði ekki fordæmd á sama hátt (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, 2002a).

Kynlíf er orðið samofið daglegri menningu og mun sýnilegra en áður fyrr. Meðalaldur íslenskra unglunga við fyrstu kynmök er í kringum fimmtán ára. Ein algengasta ástæða þeirra er byrja einna yngstir að stunda kynlíf samkvæmt rannsókn Dagbjartar (2002a) er sú að það gerist fyrir slysi en tók hún viðtöl við fimmtán íslenska unglunga á aldrinum 15-18 ára um reynslu þeirra af kynlífi (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, 2002a). Önnur rannsókn sem gerð var hér á landi árin 2005-2006 sýndi að 67% unglunga töldu eðlilegt að 14-16 ára unglingar stunduðu kynlíf en aftur á móti bara 8,4% töldu þennan aldursþóp vera reiðbúna til að taka afleiðingum kynlífs. Fylgni var einnig að finna á milli þess að telja eðlilegt að eiga marga rekkjunauta og finnast eðlilegt að stunda kynlíf um fjórtán ára aldur (Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þ. Einarsson, Kolbrún Gunnarsdóttir, Ragnar F. Ingvarsson, Reynir T. Geirsson og Sigurbjörg Bragadóttir, 2008).

Í rannsókn Guðbjargar Ásbjörnsdóttur (2002a) virðast unglingsstúlkur vera undir meiri þrýstingi þegar kemur að kynlífi en drengir og kemur þrýstingurinn oftast en ekki frá vinkonum þeirra fremur en drengjum. Flestar stúlkur er tóku þátt í rannsókninni þóttu fyrstu minningar þeirra tengdar kynlífi helst eitthvað sem þær vildu gleyma og sumar jafnvel ekki getað farið alla leið vegna sársauka. Hins vegar töldu þær eðlilegt að upplifa sársauka í stað ánægju fyrstu skiptin og væri það eitthvað sem væri allt í lagi þeirra vegna þar sem þær myndu ekki finna fyrir sársauka eftir nokkur skipti. Viðmælendur Dagbjartar (2002a) voru ánægðir með þær samfélagslegar breytingar sem hafa átt sér stað og það hversu samofið kynlíf er orðið daglegri menningu þó sumum fannst birtingarmyndir kynlífs í klámmyndum og kvikmyndum geti gefið ungu fólki ranghugmyndir um það hvað sé „eðlilegt“ kynlíf (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, 2002a).

Mikil umræða hefur átt sér stað í þjóðfélaginu hvað íslenskir unglingar skilgreina sem kynlíf. Guðbjörg Hildur Kolbeins (2007) gerði rannsókn á því efni hvað unglingar skilgreindu sem kynlíf og stóð rannsóknin af 1500 íslenskum þátttakendum fæddir á árunum 1987 - 1990 sem valdir voru með tilviljunarúrtaki. Niðurstöður hennar voru sláandi og er augljóst að skiptar skoðanir eru um það hvað kynlíf er og uppi eru tilgátur sem telja að unglingum finnist endaparmsmök og munnmök ekki falla í þann flokk þar sem meyrjarhaft stúlkna helst ósnert. Niðurstöður Guðbjargar styðja þá tilgátu þar sem rúmlega 26% drengja og tæplega 39% stúlkna þótti munnmök flokkast sem kynlíf. Þegar viðhorf þeirra til endaparmsmaka var skoðað voru rúmlega 22% drengja og 28%

stúlkna sem flokkuðu það sem kynlíf. Það virðist einnig vera sem að viðhorf unglinga til kynlífs sé frekar frjálst þar sem niðurstöður Guðbjargar benda á að 16 stúlkur og 9 drengir af 1500 þátttakendum rannsóknarinnar hafa stundað kynlíf samtímis við fleiri en einn aðila (Guðbjörg H. Kolbeins, 2007).

Þegar kemur að viðhorfi unglinga á því að veita hinum aðilanum sem stunda átti kynlíf með ákveðna mótspyrnu voru 53 stúlkur sammála um að strákum þætti slík mótspyrna gera kynlífið meira spennandi. Að sama máli voru 31 stúlka sammála því að stúlkur meintu það ekki þegar þær sögðu nei við kynlífi. Þrátt fyrir það voru 70% stúlkanna á því máli að þegar stúlka segir nei þýðir það þá nei, á meðan aðeins 58% stúlkna töldu að þegar drengur segir nei myndi það í raun og veru þýða nei. Það að hlutfall viðmælenda telur að ákveðin mótspyrna geri kynlífið spennandi gæti verið sprottin út frá þeirri nauðgunarmýtu er birtist oft í klámmyndum og heldur því fram að konur meini í raunverulega ekki nei þegar þær segja það (Guðbjörg H. Kolbeins, 2007).

Við athugun á frumkvæði kynjanna að kynlífi mátti sjá að íslenskir unglings drengir voru á þeirri skoðun að kærustur þeirra mættu sýna oftar frumkvæði og virtist álit unglinga almennt vera það að stúlkur hefðu minni áhuga á kynlífi en drengir. Kynlíf milli einstaklinga af sama kyni og þá sér í lagi milli tveggja stúlkna virðist vera almennt samþykkt meðal unglinga, en það að kynlíf milli tveggja stúlkna er talið samþykktara en milli tveggja drengja má meðal annars rekja til þeirra birtingamynda er sjá má í klámiðnaðinum. Þó að um 70% voru ósammála um að fullnæging drengja væri mikilvægari en stúlkna, er þó áhugavert að sjá að stúlkur voru frekar ósammála því að þeirra fullnæging væri mikilvægari en drengja þó eitthvað hlutfall drengjanna voru á svipuðu máli, þar að segja að fullnæging stúlkna væri mikilvægari en þeirra eigin (Guðbjörg H. Kolbeins, 2007). Viðhorf íslenskra unglinga til kynlífs virðist því vera á einhvern hátt mótað af því sem má sjá í klámmyndum og mikilvægt er að reyna að minnka þessa þróun til að sporna við þeim neikvæðu afleiðingum er geta fylgt óábyrgu kynlífi.

Eitt af því sem getur mótað kynhegðun unglinga á jákvæðan hátt og seinkað þeirra fyrstu kynlífsreynslu er persónuleiki móður og jafnvel ömmu unglínganna sem og menntun þeirra. Vel menntuð móðir sem sjálf seinkaði sinni fyrstu kynlífsreynslu sem og barneignum er líklegri til að geta af sér afkvæmi sem gerir slíkt hið sama, en móðir sem eignaðist sitt fyrsta barn á unglingsárum og átti því sína fyrstu kynlífsreynslu

nokkuð ung að árum (Johnson og Tyler, 2007). Forvarnir og kynfræðsla þurfa að vera til staðar þegar kemur að kynhegðun unglunga til að spornað sé við ótímabærum þungunum og kynsjúkdómum. Til þess að það sé hægt er mikilvægt að vitað sé hver staða íslenskra unglunga er þegar kemur að tíðni kynsjúkdómasmita, fóstureyðinga og notkun getnaðarvarna. Hér fyrir neðan verða þau málefni rædd og staða unglunga gerð skil.

3.3 Kynsjúkdómar og fóstureyðingar

Það eru margir ólíkir þættir sem geta haft áhrif á kynheilbrigði unglunga með misalvarlegum afleiðingum, sem dæmi um slíka áhrifaþætti má nefna misvísandi upplýsingar hvað varðar kynímynd og sjálfsímynd þeirra með áhorfi á tónlistarmyndbönd auk þess sem tjáskiptaörðuleikar milli kynlífsfélaga virðist vera stór áhættuþáttur. Reynsla hefur sýnt að unglingar eiga oft á tíðum erfitt með að tjá sig við rekkjunaut sinn um kynlífið sem gerir það að verkum að þeir taka oft óþarfa áhættur þegar kemur að kynlífinu (Sóley S. Bender, 2006b).

Þó forvitni og tilraunastarfsemi sé eðlilegur þáttur unglingsáranna, getur kynhegðun unglunga sett þá í áhættu gagnvart ótímabundnum þungunum auk kynsjúkdómum sem og haft neikvæðar afleiðingar á tilfinningalegu hlið þeirra (Feldman og Middleman 2002). Mikilvægt er að varpa ljósi á þær afleiðingar sem kynhegðun unglunga getur haft í för með sér svo hægt sé að sporna við frekari þróun og áhersla á kynheilbrigði aukist. Íslenskir unglingar byrja oft snemma að stunda kynlíf og hafa rannsóknir sýnt að algengt er að unglingar stundi óvarin kynmök, en er ástæða þess meðal annars sú að unglingar eiga oft erfitt með að tala sín á milli um notkun smokksins og hvort hinn aðilinn hafi gert einhverjar ráðstafanir varðandi verjur. Þetta hefur meðal annars leitt til þess að þungunartíðni meðal íslenskra unglingsstúlkna hefur í áratugi verið hærri en ungmenna á Norðurlöndunum sem er áhyggjuefni. Þetta tjáskiptaleyfi um notkun smokksins getur leitt til þess að hann sé ekki notaður þegar til kastanna kemur sem eykur líkur á ótímabærri þungun og kynsjúkdómasmita (Sóley S. Bender, 2006b).

3.3.1 Kynsjúkdómar og notkun getnaðarvarna

Kynsjúkdómar auk ótímabærar þunganir er samfélagslegt vandamál meðal íslenskra unglunga og er algengi þeirra vandamála hærrí hér á Íslandi en í nágrannalöndum. Rannsókn sem framkvæmd var árið 2001 og síðan endurtekin árið 2005 - 2006 skoðaði viðhorf og þekkingu sextán ára unglunga til kynfræðslu, kynsjúkdóma og getnaðarvarna. Niðurstöður leiddu í ljós að þekking unglunga til getnaðarvarna og sjúkdómasmita var verulega ábótavant þó svo hún hafi örlítið batnað á milli tímabila. Til að mynda taldi tíundi hver unglingur í rannsókninni að getnaðarvörnin pillan veitti vörn gegn kynsjúkdómum og voru 65% af þeim sem svo töldu vera drengir. Í fyrri rannsókninni árið 2001 töldu tæp 12% unglunga eða tíundi hver að alnæmi (HIV) væri lækmandi sjúkdómur og var sú tala næstum sú sama við endurtekningu rannsóknarinnar árið 2006. Þekkingin bættist þó aðeins á milli tímabila eins og áður sagði en árið 2001 héldu um 70% unglunga að herpes-veirusýkingu væri hægt að lækna með sýklalyfjum en um 53% við endurtekningu á rannsókninni (Eyjólfur Þorkelsson o.fl., 2008).

Þrátt fyrir að þekking unglunga á getnaðarvörnum og kynsjúkdómum hafi batnað milli tímabila er henni enn mjög ábótavant. Það hefur meðal annars sýnt sig í rannsókna niðurstöðum Hollanders (2003) að þeir unglingar sem greinst hafa með kynsjúkdóm hafi betri þekkingu á meðferðum við þeim en þeir sem ekki hafa greinst. Samt sem áður virðist sem að þeir unglingar yfirfæri ekki þá þekkingu yfir á hegðun sína og grípi því ekki til viðeigandi forvarna er kemur að kynlífi. Engan mun var því að finna á notkun smokka hjá þeim sem greinst höfðu áður með kynsjúkdóm og þeirra sem ekki höfðu greinst (Hollander, 2003).

Íslenskir unglingar eru jafn líklegir til að nota getnaðarvarnir að staðaldri ef horft er til beggja kynja og er notkun hormónagetnaðarvarna algeng hjá stúlkum. Það er þó verulegt áhyggjuefni að niðurstöður benda til að íslenskir unglingar virðast ekki byrja nota getnaðarvarnir fyrr en eftir fyrstu kynmök samkvæmt rannsókninni *Viðhorf og þekking 16 ára unglunga á kynlífstengdu efni* (Eyjólfur Þorkelsson o.fl., 2008). Þó þekking ungmenna til þeirra áhættu sem því fylgir að stunda óvarið kynlíf sé örlítið að aukast með árunum virðast breytingar til þess betra ekki vera eiga sér stað ef marka má tíðni kynsjúkdóma síðustu ára. Tíðni greindra klamydíu tilfella á Íslandi hjá

unglingum á aldrinum 15-19 ára hafa næstum því tvöfaldast frá árinu 2000 til ársins 2010 eins og sjá má í töflu 1. hér fyrir neðan.

Tafla 1. Fjöldi greindra klamydíutílfella á Íslandi meðal unglunga á aldrinum 15 - 19 ára (UNICEF, 2011).

Land	Ár	Fjöldi tílfella
Ísland	2000	440
	2005	367
	2008	611
	2009	823
	2010	705

Tíðni klamydíu meðal 15-19 ára unglunga á Íslandi var lægst árið 2005 eða 367 greind tílfelli, á meðan hún stóð sem hæst árið 2009 eða 823 greind tílfelli. Ekki er hægt að segja að hlutfall greindra tílfella standi nokkuð jafnt milli ára, en tölurverður munur er á fjölda á greindum tífellum á ári hverju. Fjöldi klamydíu tílfella má því rekja til takmarkaðrar notkunar á getnaðarvörnum líkt og tafla 2. hér fyrir neðan sýnir.

Tafla 2. Notkun getnaðarvarna: Hlutfall á hverja 1000 konu á aldrinum 15-49 ára (Nordic Medico Statistical Committee, 2011).

Land	Ár	Hlutfall á hverja 1000 konu
Danmörk	2000	325
	2005	282
	2008	284
	2009	283
Finnland	2000	224
	2005	189
	2008	204
	2009	210
Svíþjóð	2000	296
	2005	258
	2008	253
	2009	240
Ísland	2000	265
	2005	192
	2008	161
	2009	160
Noregur	2000	225
	2005	201
	2008	212
	2009	-

Í samanburði við hin Norðurlöndin er hlutfall notkunar á getnaðarvörnum lægst á Íslandi. Vegna þess eru kynsjúkdómar líkt og klamydía algengastir hér á landi og má þess geta að sala neyðargetnaðarvarna var næst hæst hér á landi árið 2008 á Norðurlöndum (Embætti landlæknis, 2012). Áhugavert er að skoða hvort tíðni fæðinga og fóstureyðinga meðal íslenskra unglingsstúlkna hafi lækkað með aukinni notkun neyðargetnaðarvarna, jafnframt því hvar Íslendingar standa í þeim efnum samanborið við hin Norðurlöndin.

3.3.2 Fæðingartíðni og fóstureyðingar

Fæðingartíðni á Íslandi hjá unglingsstúlkum er há og af Norðurlöndunum er hún hvað allra hæst. Mestu munar í aldurshópnum 15-19 ára en þar eru fæðingartíðni hjá íslenskum stúlkum mun hærri en þegar litið er til hinna Norðurlandanna (Nordic Medico Statistical Committee, 2004). Þó hefur fæðingartíðni hér á landi farið lækkandi sem og fóstureyðingum og má skýringanna rekja með tilkomu neyðargetnaðarvarna og auðveldara aðgengi að því úrræði (Embætti landlæknis, 2005).

Tafla 3. Hlutfall fæðinga á hverja 1000 konu á aldrinum 15-19 ára (Nordic Medico Statistical Committee, 2011).

Land	Ár	Hlutfall á hverja 1000 konu
Danmörk	2000-2004	6,7
	2005	5,7
	2009	5,5
Finnland	2000-2004	10,5
	2005	10,3
	2009	8,5
Svíþjóð	2000-2004	6,4
	2005	6,2
	2009	5,8
Ísland	2000-2004	17,8
	2005	15,1
	2008	14,6
	2009	14,3
Noregur	2000-2004	10,0
	2005	8,0
	2008	9,5

Hlutföll fæðinga hjá unglingsstúlkum hafa verið svipuð í Finnlandi og Noregi en hefur farið lækkandi frá árinu 2000. Tíðni fæðinga hjá unglingsstúlkum hefur einnig verið mjög jöfn hjá Danmörku og Svíþjóð og má líka sjá lækkun þar frá árinu 2000 líkt og hjá hinum Norðurlöndunum. Líklegt er að neyðargetnaðarvörnin hafi áhrif á fæðingartíðni unglingsstúlkna þarna líkt og Íslandi. Ásamt því að hlutfall fæðinga hjá unglingsstúlkum hér á landi hafi farið lækkandi með tilkomu og auðveldara aðgengi að

neyðargetnaðarvörninni, hefur einnig heildarfjöldi fóstureyðinga hér á landi farið minnkandi af sömu ástæðu eins og sjá má í töflu 4. hér fyrir neðan (Embætti landlæknis, 2005; Nordic Medico Statistical Committee, 2011).

Tafla 4. Hlutfall fóstureyðinga á hverja 1000 konu á aldrinum 15-19 ára (Nordic Medico Statistical Committee, 2011).

Land	Ár	Hlutfall á hverja 1000 konu
Danmörk	2000-2004	14,5
	2008	17,6
	2009	16,4
Finnland	2000-2004	15,3
	2008	12,7
	2009	12,8
Svíþjóð	2000-2004	22,6
	2008	23,6
	2009	22,0
Ísland	2000-2004	21,4
	2008	15,2
	2009	12,0
Noregur	2000-2004	17,3
	2008	18,0
	2009	15,9

Þegar litið er til tíðni fóstureyðinga á Íslandi í samanburði við Norðurlöndin þarf einnig að taka tillit til fæðingatíðni (Nordic Medico Statistical Committee, 2004). Sé tíðni fæðinga og tíðni fóstureyðinga síðustu tíu árin er borin saman meðal íslenskra stúlkna á aldrinum 15-19 ára má sjá að um 50-60% stúlkna kjósa að gangast undir fóstureyðingu. Á meðan það er undir stúlkunum sjálfum komið í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hvort þær fari í fóstureyðingu þurfa unglingsstúlkur á Íslandi og í Finnlandi að sækja um leyfi fyrir fóstureyðingu hjá heilbrigðisyfirvöldum. Ákvörðun um slíkt leyfi byggist á félagslegum og heilbrigðis aðstæðum hvernar stúlku fyrir sig (Embætti landlæknis, 2005; Nordic Medico Statistical Committee, 2011).

Í ljósi þess að hlutfall notkunar á getnaðarvörnum meðal unglunga er lægst hér á landi í samanburði við Norðurlöndin, tíðni kynsjúkdóma á borð við klamydíu einna hæst og fjöldi fæðinga og fóstureyðinga mikil er augljóst að eitthvað þarf að bæta í þessum málefnum. Spurningar vakna þó um hvaða hlutverk fjölmiðlar gegna er kemur að mótun kynhegðunar unglunga, hvaða staðalímyndir birtast þar og hvort og þá hvaða áhrif klám getur haft á þeirra kynhegðun? Vegna þess hve áhrifamiklir fjölmiðlar eru má velja því fyrir sér hvort þeir útlisti fremur takmarkað en ítrekað þær neikvæðu afleiðingar sem óábyrg kynhegðun getur haft. En slík skilaboð geta vegið upp á móti því frjállega viðmóti kynjanna hvað kynlíf varðar og þeim óraunhæfu birtingarmyndum kynlífs og rómantíkur sem oft má sjá bregða fyrir í hinum fjöldamörgum fjölmiðlum (Bogers, Engels, Kloosterman og Tom, 2010).

4 Fjölmiðlar

Fjölmiðlar (e. media) eru ein mikilvægasta upplýsingalind almennings í samfélögum en í nútíma umhverfi getur þó verið erfitt að skilgreina hugtakið fjölmiðill. Fjölmiðill er stofnun eða fyrirtæki, lögaðili sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar í því skyni að dreifa þeim til umtalsverðs fjölda fólks á tilteknu svæði og geta þær upplýsingar komið fram í dagblöðum, tímaritum, í sjónvarpi, á ljósavakanum, á internetinu eða í útvarpi. Fjölmiðlar á internetinu er þó sú tegund fjölmiðla sem hefur hvað styrkt sig mest í sessi og má rekja það til samruna fjölmiðla, tölvutækni og fjarskipta (Menntamálaráðuneytið, 2005).

Áhrif fjölmiðla í samfélaginu eru mikil og ver hinn meðal maður ágætum tíma dag hvern í að fylgjast með ólíkum fjölmiðlum. Margbreytileg fjölmiðlun stuðlar að menningarlegri fjölbreytni og hafa margar vefsíður tengdar áhugamálum, stjórnmálum, heilsu, útliti og fleiru sprottið upp ásamt bloggsíðum og spjallþráðum. Almennigur á því greiða leið í að koma skoðunum sínum og viðhorfum á framfæri og rata sum skrif almennings inn í hefðbundna fjölmiðla sem fréttæfni. Fjölmiðlar hafa oft verið kallaðir „fjórða valdið“ þar sem þeir miðla upplýsingum og skoðunum sem síðar hafa svo áhrif á viðhorf almennings til málefna og manna. Þess vegna er mikilvægt að þeir muni að þeir hafa skyldu gagnvart almenningi til að greina satt og rétt frá atburðum og málefnum (Menntamálaráðuneytið, 2005).

Á undanförunum áratugum hafa rannsóknir sýnt að efni fjölmiðla hefur áhrif á kynhegðun unglunga. Þó unglingar fái einhverjar upplýsingar frá foreldrum og jafnöldrum hvað kynhegðun varðar, virðist sem að fjölmiðlanir séu mikilvæg uppspretta upplýsinga á þeim líkamlegu, félagslegu og tilfinningalegum hliðum er fylgja rómantík, stefnumótum og kynlífi. Unglingar leita frekar í fjölmiðlana sem sýna hina „forboðnu ávexti“ af meiri nákvæmni og áhrifaríkari hátt en foreldrar og kennarar bjóða upp á. Það efni sem er mest stillt inn á unglunga eru meðal annars kvikmyndir, sjónvarp, tímarit, popptónlist og tónlistarmyndbönd og má sjá í þeim hin ýmsu skilaboð um hvernig er að vera ástfangin, vera í sambandi, hafa kynlífsþrá, en með því mótar það efni viðhorf þeirra gagnvart kynlífi, gildum og venjum. Þær birtingarmyndir sem fjölmiðlar draga upp eru hins vegar ekki alltaf raunhæfar og geta ollið því að viðhorf unglunga mótist á óraunhæfan hátt þegar við kemur kynlífi, rómantík og samskiptum kynjanna (Bogers, Engels, Kloosterman og Tom, 2010). Hér í beinu áframhaldi verður fjölmiðlanotkun unglunga skoðuð, áhrif kynferðislegs efnis í fjölmiðlum á unglunga og að lokum þær staðalmyndir er birtast í fjölmiðlum og hvaða áhrif fjölmiðlar hafa á sjálfsmynd unglunga.

4.1 Fjölmiðlanotkun unglunga

Unglingar verja stórum hluta af vökustundum sínum í fjölmiðlanotkun heldur en í nokkuð annað. Fyrir nokkrum áratugum voru mörk á milli heimilisins og heimsins sem utan þess lág skýr. Með sífelldri þróun fjölmiðla hafa þessi mörk orðin í besta falli óljós en í versta falli eru þau horfin. Þessi þróun fjölmiðla hefur náð að breyta mynstri fjölskyldunnar, en ekki er lengra síðan en á síðari hluta tuttugustu aldar sem fjölskyldan lokaði að sér útidyrum heimilisins og settist saman inn í stofu. Gluggi sjónvarpsins opnaði sýn á víðáttu heimsins á meðan nágrennið hvarf fyrir augum fjölskyldunnar. Í dag eru hins vegar meðlimir heimila farnir að loka að sér sínu herbergi og fjölskyldan farin að fara sömu leið og nágrannarnir gerðu á síðari hluta tuttugustu aldarinnar. Einstaklingur þarf ekki lengur að fara út af heimilinu til þess að taka þátt í samfélaginu af fullum krafti og getur notkun fjölmiðla haft þau áhrif að unglingar heimilanna komi sér í ákveðna hættu, en sú hættu sem áður var fyrir utan heimilið er nú komin inn í svefnherbergið (Sigurður Ingi Árnason og Þorbjörn Broddason, 2010).

Sautjándaga grein Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna segir að mikilvægi fjölmiðla þurfi að vera viðurkennt af aðildarríkjum og skulu þau sjá til þess að barn eigi aðgang að upplýsingum og efni af ýmsum uppruna frá eigin landi sem og erlendis frá. Stuðla eigi að félagslegri, siðferðislegri og andlegri velferð barna og gæta að líkamlegu og geðrænu heilbrigði þeirra. Um leið er mikilvægt að aðildarríkin móti viðeigandi leiðbeiningarreglur um vernd barns fyrir upplýsingum og efni sem getur skaðað velferð þess (Umboðsmaður barna, e.d.).

Talið er að einstaklingar verji um sjö árum af sinni ævi í sjónvarpsáhorf og í ljósi þess er áhugavert að skoða hversu miklum tíma kynslóð internetsins, eða þeir einstaklingar er fæddust í kringum 1994 og síðar, eyða af ævi sinni fyrir framan tölvuna. Rannsóknir sýna að gróflega er hægt að áætla að kynslóð internetsins muni verja um tuttugu árum fyrir framan tölvuna og mun aðgengi að og upplýsingar á internetinu aukast talsvert á næstu tíu til tuttugu árum (Biocca, 2000). Unglingar nú til dags eyða í hið minnsta að meðaltali um 1,5-2 tímum fyrir framan tölvuna á dag og tölvunotkun þeirra felur meðal annars í sér það að leita að upplýsingum á internetinu, vera á spjallsíðum, vafra um internetið, spila tölvuleiki eða hala niður tónlist og kvikmyndum. Lítið eftirlit virðist vera með þeim, þar sem þeir hafa aðgang að tölvu inn í sínu eigin herbergi, lausir við eftirlit foreldra og athugasemdir þeirra. Vegna þess verða þeir meira varir við kynferðislegt efni í fjölmiðlum og hafa rannsóknir sýnt að regluleg snerting við kynferðislegt efni í fjölmiðlum hafi áhrif á áætlanir um að stunda kynlíf, ýtt á þau að byrja fyrr að stunda kynlíf og vera kynferðislega virkir einstaklingar (Bogers o.fl., 2010).

Samanburðarrannsókn var gerð af þeim Sigurði Inga Árnasyni og Þorbirni Broddasyni (2009) á Íslandi um internetnotkun íslenskra unglunga og sýnir hún þá aukningu sem orðið hefur milli ára á þeirri notkun. Spurningarlisti var lagður fyrir 3202 nemendur í 5-10. bekk í 16 skólum á landinu og var svarhlutfallið um 90%. Hlutfall þeirra unglunga er notuðu internetið aldrei eða nær aldrei árið 2003 var um 14% en árið 2009 var hlutfallið einungis 2% (Sigurður Ingi Árnason og Þorbjörn Broddason, 2010). Miklar breytingar hafa því verið milli ára er kemur að internetnotkun barna og unglunga og má gera ráð fyrir því að á þeim 4 árum sem liðin eru síðan þessi rannsókn var gerð hefur hlutfall þeirra er nota internetið aldrei eða nær aldrei minnkað enn frekar. Rannsóknin sýndi einnig hversu mikið unglungarnir notuðu internetið heima,

hversu oft þau fóru á Facebook og hvernig efni þeir myndu sækja af netinu. Hér verður þó aðeins farið yfir niðurstöður þessara spurninga hjá unglingum á aldrinum 14-16 ára, en voru það elstu þátttakendur þessara rannsókna og það aldursbil sem stendur hvað hæst í kynproska og á breytingum unglingsáranna.

Þegar kom að internetsnotkun inn á sínu eigin heimili var aðeins 1% fjórtán ára unglunga er notaði það aldrei eða nær aldrei og 75% þeirra notuðu internetið einu sinni á dag eða oftar. Svipaðar niðurstöður voru hjá fimmtán og sextán ára unglingum en aðeins 2% fimmtán ára unglunga notaði það aldrei eða nær aldrei og 1% sextán ára unglunga. Eftir því sem unglungarnir urðu eldri því meiri varð notkunin og notuðu 84% fimmtán ára unglunga internetið einu sinni á dag eða oftar og 87% sextán ára unglunga. Svipað mynstur mátti sjá meðal unglunganna er litið var á notkun þeirra á samskiptamiðlinum Facebook. Á meðan um 25% fjórtán ára unglunga notuðu Facebook aldrei eða nær aldrei var hlutfallið komið niður í 21% hjá þeim sem voru sextán ára. Töluvert meiri mun mátti þó sjá á milli fjórtán ára og sextán ára er notuðu Facebook einu sinni á dag eða oftar, en svöruðu 49% fjórtán ára unglunganna því játandi og 61% þeirra sextán ára. Að lokum má sjá hvaða efni unglungarnir voru að sækja á netinu og voru um 38% 13-14 ára unglunga sem sóttu kvikmyndir, þætti og myndbrot, en fór hlutfallið upp í 58% hjá 15-16 ára. Báðir hópar sóttu einnig töluvert af tónlist og tölvuleikjum en minnsta hlutfallið var á meðal þeirra sem sóttu tölvuforrit eða hjá þeim er sóttu ekkert efni á netinu (Sigurður Ingi Arnason og Þorbjörn Broddason, 2010).

Unglingar hafa fleiri tækifæri í dag til að kynna sjálfan sig meðal almennings á hinum ýmsu samskiptasíðum á internetinu. Margir þeirra kjósa að setja inn á slíkar síður upplýsingar um kynhneigð sína og kynlíf, sögur sem tengjast þeirra kynlífsþrá og ræða um kynlífsreynslu sína við aðra í gegnum þær. Talið er að um 1 af hverjum 10 unglingum hafi deilt óviðeigandi mynd af sér á slíkum miðlum sem gefa í skyn eitthvað kynferðislegt og um 1 af hverjum 15 hafa deilt af sér mynd þar sem þeir eru hálfnaktir eða alveg naktir (Brown, Keller og Stern, 2009).

Hefðbundnir fjölmiðlar, þar að segja sjónvarp, útvarp, kvikmyndir og tímarit og hinir nýju fjölmiðlar líkt og internetið, samskiptasíður á borð við Facebook og Myspace, auk farsíma, eru farnir að hafa mikil áhrif á kynlífsfræðslu unglunga. Hinn meðal unglungur eyðir að jafnaði um sex til sjö klukkustundum á dag í hin ýmsu form fjölmiðla og oft fleiri en einn fjölmiðill í einu. Rannsóknir hafa sýnt að það að komast í reglulega

í snertingu við það óraunhæfa kynlífsefni í hinum hefðbundnu fjölmiðlum getur haft áhrif á líkamsmyndir unglunga gagnvart þeim sjálfum og öðrum, hvenær þeir fari að stunda kynlíf, hvort þeir noti getnaðarvarnir og jafnvel þunganir. Hinir nýju fjölmiðlar hafa svo áhrif á það hvar þeir leiti ráða er varðar kynheilbrigði og eru samskiptamiðlanir notaðir til að tjá kynferðislegar þarfir og hina kynferðislegu ímynd sem og að finna og viðhalda rómantísku sambandi (Brown o.fl., 2009). Fjölmiðlar gera unglungum ekki einungis kleift að nálgast hinar fjölbreytilegu og misgóðu upplýsingar er viðkemur kynlífi og kynhegðun heldur einnig lita þeir upp ýmsar myndir um hvernig þeirra ytra útlit eigi að vera. Hvaða staðalímyndir birtast í fjölmiðlum og hvaða áhrif hafa þær staðalímyndir á sjálfsmýnd unglunga?

4.2 Fjölmiðlar, staðalímyndir og sjálfsmýnd

Aðgengi fjölmiðla verður sífellt auðveldara og er samkeppnin innan þeirra um athygli neytandans einnig orðin mikil. Gríðarlegt magn skilaboða renna í gegnum samfélagið á degi hverjum, sama hvort það sé í formi fréttar, tónlistar, auglýsinga eða sjónvarpsefnis. Til þess að standast þessa samkeppni og grípa athygli neytandans hafa fjölmiðlar leitað margra leiða til þess að vekja á sér athygli. Eins og fram kemur í grein Katrínar A. Guðmundsdóttur og Þorgerðar Einarsdóttur (2011) er fyrsta stig markaðsfræðinnar í sölu í gegnum auglýsingar að ná athygli neytandans og fá markhópinn til að skoða auglýsinguna. Vænlegasta leiðin til þess er talin liggja á mörkum hins leyfilega, með öðrum orðum að „Dansa á línunni“, þá sérstaklega þegar höfða á til yngri kynslóðarinnar (Katrín A. Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011). Þessi línudans fjölmiðla birtist meðal annars í aukinni notkun á klámi og erótísku efni við gerð auglýsinga, myndefnis og fleiru. Sú tilhneiging fjölmiðla að notast við slíkt efni fellur hikstalaust undir *klám- og kynlífsvæðinguna* og eru afleiðingar þess þær að klám og erótík er farið að endurspeglast í lífi okkar og talsmáta (Sigrún Þorgeirsdóttir, 2005).

Með aukinni klám- og kynlífsvæðingu í fjölmiðlum birtast okkur stöðugt myndir af kven- og karlmanninum á ögrandi hátt. Kynímyndir nútímans verða sífellt ýktari og er ein helsta birtingamynd konunar í fjölmiðlum hin kynferðislega ögrandi og aðgengilega kona. Kvenímyndir eru settar í lokkandi búning frelsis og valdeflingar sem telja okkur trú um að svona eigi þetta að vera (Þorgerður Einarsdóttir, 2010). Líkami kvenna er auk þess gjarnan sýndur kvenlegur, barmmikill og grannur sem gefur konum ákveðið mót

sem eftirsóknavert er að fylgja. Rosalind Gill (2008) segir frá því að árið 1950, var áherslan mest lögð á heimilið en nú á okkar dögum hefur þessi áhersla færst yfir á líkamann. Skilaboð fjölmiðlanna er að hver einasti líkamspartur skuli vera fullkominn; mjúkur, vaxaður, vel lyktandi og svo mætti lengi telja. Hefur því áhersla konunnar færst frá hinu fullkomna uppeldi og fallega heimili í einungis fullkominn líkama. Gill bendir á auglýsingu Wonderbra þessu til stuðnings en þar stendur „I can't cook. Who cares?“ þar sem líkaminn virðist skipta mun meira máli en framtak kvenna hvað heimilishald varðar.

Í fjölmiðlum eru konur gjarnan gerðar sem viljalausir einstaklingar, hálfgerðir þrælar sem þarfnast karlmanns og er hlutverk kvenna orðið takmarkað við það að veita karlmönnum kynferðislega þjónustu. Kynferðislega ánægja konunnar skiptir litlu sem engu máli sé miðað við kynferðislegu ánægju karlmannsins. Það sem gleður konuna hvað mest er notkunin á líkama hennar til að fullnægja þráum karlmannsins. *Kynferðisleg hlutgerving* kvenna er algeng í flest öllu klámi og er hún nú farin að ryðja sér til rúms í fjölmiðlum (Russell, 1993). Með *kynferðislegri hlutgervingu* er átt við þegar mennskir eiginleikar konunar eru teknir í burtu, eða með með öðrum orðum þegar konan er notuð í kynferðislegum tilgangi fyrir aðra án þess að hugsað sé um hennar ákvörðun eða vilja (Katrín A. Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011). Talið er að þessi kynferðislega hlutgerving hafi mikil áhrif á það hvernig karlmenn líta á konur (Russell, 1993). Rannsókn sem gerð var á því efni styður þá fullyrðingu en niðurstöður hennar sýndu fram á tengingu þess efnis að þeir unglingar sem lifa í klámvæddu fjölmiðlaumhverfi hafa sterkari tilhneigingu til þess að horfa á konur sem kynferðislega hlutgerðar (Jochen og Valkenburg, 2007).

Rosalind Gill (2007) segir eins og áður kom fram frá þeim tíma þegar birtingamynd kvenna í fjölmiðlum var öðruvísi, þegar konan var óvirkur einstaklingur, undirgefin manni sínum en í dag með aukinni klám- og kynlífsvæðingu er konan sýnd sem kynferðislega virk og lostafull. Hún segir að konur hafi kosið slíkar birtingamyndir af sjálfum sér með sínum vilja. Katrín A. Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir (2011) kalla það fyrirbæri *Sjálfshlutgervingu* en það vísar til þess fyrirbæris þegar stúlkur og konur læra að koma fram við líkama sinn sem viðfang annarra. Rosalind Gill (2008) lýsir einnig þeim niðrandi stellingum sem kona er í við gerð auglýsinga. Hún er oft sett í

eggjandi stellingu með auglýsingavöru og mætti í fljótu bragði því oft halda að konan sjálf sé til sölu en ekki varan sem auglýst er.

Með hjálp klámvæðingar hafa fjölmiðlar komið ákveðnum skilaboðum út í þjóðfélagið um hvernig hin rétta líkamsímynd kynjanna eigi að vera. Þessi skilaboð virðast skila sér út í samfélagið og má sjá hvernig konur eru í stórum stíl að nýta sér lýtaaðgerðir á borð við brjóstastækkunar til þess eins að halda í við þessar ímyndir sem eru búnar að gegnsýra samfélagið. Sú brjóstastæð sem þótti ásættanleg fyrir 10 til 15 árum síðan er í dag talin vera sú stærð sem vekur upp lágt sjálfalít kvenna og vanlíðan. Stór brjóst hafa þó ekki alltaf verið álitin falleg og var það ekki fyrr en með tilkomu fjölmiðla og tónlistamyndbanda á MTV sem stór brjóst fóru að sjást á skjáum landsmanna sem eftirsóknarverður hlutur. Í kjölfar þess fór fljótlega að sjást aukning kvenna til lýtalækna, til þess eins að láta stækka á sér barminn (Sigrún Þorgeirsdóttir, 2005).

Konur eru þó ekki eini hópurinn sem ráðist er á með skilaboðum fjölmiðla og er karlkynið konum enginn eftirbátur. Karlkyninu er gefnar ákveðnar ímyndir sem þeir etja kappi við að ná. Í grein Robert Harrison frá árinu 2010 kemur fram að karlar eru sýndir í auglýsingum sem sterkir og karlmannlegir. Þeir eru gerðir sölulegir og eiga að gegna vissu hlutverki staðlímynda. Karlmennskan er því oft tengd við mikið sjálfstæði, sterkleika og áhættusækni. Samkeppnin er því oft mikil karlmanna á milli og fá þeir oft ranga mynd af því hvað það er að vera karlmaður. Karlmenn geta þróað með sér ýmiss konar sjúkdóma vegna vanlíðunar á að eltast við slíkar kynímyndir og eru þeir sjúkdómar á borð við kvíða og átröskun. Einnig má þess geta að tíðni sjálfsvíga reynist vera hærrí hjá körlum en konum (Gentry og Harrison, 2010). Þær afleiðingar sem virðast fylgja þeim skilaboðum fjölmiðla um kynímyndirnar eru því margskonar. Eins og rætt var hér fyrir ofan hefur aukning til lýtaraðgerða fundist auk þess sem átröskunar sjúkdómar hafa skotið hratt upp kollinum á síðustu áratugum. Talið er að konur séu hátt upp í 90% af þeim sjúklingum sem þjást af átröskun, sem gefur okkur það að konur virðast vera uppteknari og ósáttari við líkama sinn en karlar (Bordo, 1992).

Átröskun, kvíðaraskanir og lýtalækningar eru þó ekki einu afleiðingar sem birtast okkur út frá þeim staðalímyndum sem sjá má í fjölmiðlum. Heldur er einnig áhyggjuefni hvernig kvenfyrirlitning finnst í samfélagi sem á að hafa náð góðum grunn af jafnrétti kynjanna. Rannsókn sem skoðaði birtingarmyndir kvenna í 403 rapplögum leitaðist við

að útskýra hvernig kvenhatur virðist birtast í þeim. Í tónlist er algengt að konur séu sýndar sem undirkylla karlmannsins og í rapplögum eru þær oft hlutgerðar sem eitthvert leikfang sem fullnægir þörfum karlmannsins og er ofbeldi gagnvart konum oft réttlætt. Ímynd karlmannsins í tónlist sé sú að hann eigi að vera ráðandi, megi sænga hjá mörgum konum, eigi nóg af peningum og sé vinsæll. Niðurstöður rannsóknar leiddu í ljós að vantraust á konum er oft réttlætt í textum og er ofbeldi gagnvart konum einnig réttlætt ef konur neita kynlífi. Skilaboð rapptexta eru oft þau að kynin standa ójöfnum fæti, karlmaður komist upp með allt og konur séu lítils virði. Þó er þetta ekki alhæfing á alla rapptexta en rapptónlist sem lítur niður á konur virðist vera eftirsóknarverðari en önnur (Kubrin og Weitzer, 2009). Ekki þarf að leita langt í íslenskri tónlistarmenningu til að sjá dæmi um rapp þar sem konur eru gerðar að undirkyllum karlmannna og hlutgerðar. Í lagi Erps Eyvindssonar, *Við elskum þessar mellur*, má sjá meðal annars þetta koma fram í textanum:

“ég er í fíling svo þú mátt alveg hringja
en ekki á virkum degi ekki þitt að gera skinka
þú ert bara ráðin til að kyngja
kinka kolli á milli lappa og hlusta á mig syngja
við þurfum auðveldar stelpur segðu það Erpur
við elska þessar mellur,,

(BlazRoca, 2010).

Segja má því að dægurmenning ungs fólks endurspeglar því að miklu leyti skilaboð fjölmiðlanna og valdatengsl með hörkulegum yfirráðum karla og undirgefni kvenna (Þorgerður Einarsdóttir, 2006). Þær ímyndir sem fjölmiðlar senda út í samfélagið geta haft gríðarleg áhrif á sjálfmynd unglunga. Eins og áður sagði eru unglingar að eiga við það erfiða verkefni að móta og þroska sjálfsmýnd sína, finna það út hver þau eru og hvað það er sem þau vilja. Sjálfsmýnd einstaklings er samblanda af þeirri mynd sem við sjáum sjálfan okkur og þeirri mynd sem við viljum spegla okkur í þjóðfélaginu (Halla Ólafsdóttir, e.d.). Það getur verið erfitt að mynda heilbrigða og jákvæða sjálfmynd þegar skilaboð fjölmiðla rignir yfir okkur með upplýsingum hvernig við eigum að vera og hvað við eigum að vera gera. Ímyndir fjölmiðla geta ýtt undir löngun að vilja vera

öðruvísi en við erum og eru þær ímyndir oft á tíðum óraunhæfar (Rúnar Steinn Benediktsson, 2008). Það kemur því ekki á óvart að staðalímyndir fjölmiðla hafa neikvæð áhrif á sjálfstraust unglunga þegar skilaboð þeirra smita skoðanir og vilja þeirra á hverjum degi. Kynhlutverk þeirra í fjölmiðlum og staðalímyndir geta haft áhrif á mótun sjálfsmýndar þeirra og gefið þeim form sem erfitt er að fylgja eftir. Rannsóknir hafa bent á að þetta form sem talið er eftirsóknavert að fylgja getur leitt til þunglyndis, kvíða, kveikt undir sjúkdómum á borð við anorexíu og jafnvel leitt til óábyrga kynhegðunar (American Psychological Association, 2007). Fyrst sjá má að fjölmiðlar og þær staðalímyndir sem þar birtast hafa áhrif á sjálfsmýnd unglunga, er áhugavert að skoða hvort þeir hafi áhrif á kynhegðun þeirra og ef svo er þá hvernig.

4.3 Áhrif fjölmiðla á kynhegðun unglunga

Fjölmiðlar eru einn mesti áhrifaþáttur er kemur að hugmyndum unglunga um rómantík, kynlíf og sambönd. Í bandaríkjunum hefur sjónvarpsefni, á borð við sápuóperur og spjallþætti sífellt verið að sækja í aukanna með jákvæðri umfjöllun og viðhorfi til kynlífs án skuldbindingar. Eins má segja um tónlistarmyndbönd sem eru farin að sýna viðurkennt viðhorf samfélagsins til kynlífs (Bogers o.fl., 2010). Unglingar í bandaríkjunum horfa að meðaltali í þrjá klukkutíma á sjónvarpið á degi hverjum. Þættir sem eru vinsælir meðal þess aldurhóps innihalda að meðaltali sjö senur af kynlífstengdu efni á hverjum klukkutíma og allt upp í 70% af þáttum innihalda að minnsta kosti eina kynlífstengda senu. Það er ekki óeðlilegt að fjölmiðlar sem innihalda slíkt magn af kynlífstengdum skilaboðum hafi áhrif á væntingar unglunga þegar kemur að kynlífi. Fjölmiðlar sýna aðeins þá hlið kynlífs sem er jákvæð, falleg og kynþokkafull. Konur eru sýndar sem kynferðislega aðlaðandi og karlmenn látnir líta út fyrir að vera drifnir áfram af kynferðislegum hvötum og að góð líkamleg ásýnd auki getu þeirra við að ná sér í kvenmenn. Unglingar bera sig saman við þá ímynd og hafa niðurstöður rannsókna bent eindregið til þess að þeir drengir sem skoða klámtímarit á borð við *Playboy* og *Penthouse* finnst sínar eigin kærustur ekki nægilega kynæsandi. Vegna þeirra staðalímýnda sem birtast í fjölmiðlum og þeim birtingarmyndum kynlífs sem þar bregður fyrir verða unglingar oftast nær fyrir miklum vonbrigðum þegar það kemur að

því að þeir stunda sjálfir kynlíf (Berry, Collins, Elliott, Kanouse og Martino, 2009; Bogers o.fl., 2010; Guðbjörg H. Kolbeins, 2006).

Tvær rannsóknir sem skoðuðu áhrif kynlífs í sjónvarpi á hvenær unglingar færu að stunda kynlíf og viðhorf þeirra til kynlífs sýndu að því meira kynlíf sem unglingar sáu í sjónvarpi, því jákvæðari voru þau gagnvart því að fara að stunda það sjálf. Þau sýndu einnig jákvæðari væntingar til kynlífs, en það viðhorf eykur líkurnar á að þau leiti í kynlíf (Berry o.fl., 2009). Það kynferðislega efni sem unglingar sjá í sjónvarpi sýnir sjaldan þær neikvæðu hliðar sem kynlífi fylgir og þær afleiðingar sem það getur haft, líkt og kynsjúkdóma eða ótímabærar þunganir. Í raun byggir það frekar upp ákveðnar væntingar um hversu frábær fyrsta kynlífsreynslan komi til með að vera og hvernig allt muni ganga fullkomlega upp.

Berry og félagar (2009) rannsökuðu líðan unglunga á fyrstu kynlífsreynslu og hvort áhorf á kynferðislegt efni í sjónvarpi geti haft einhver áhrif þar á. Þó sjaldan megji sjá neikvæðar afleiðingar kynlífs bregða fyrir í sjónvarpi, birtist það þó frekar meðal kvenmanna og töldu þeir því að stúlkur myndu hafa minni væntingar til kynlífs og með því yrði þeirra eftirsjá minni. Niðurstöður rannsóknarinnar komu á óvart, en þær sýndu að þrátt fyrir minni væntingar sáu stúlkur frekar eftir sinni fyrstu kynlífsreynslu en drengir. Eftir á að hyggja töldu þær sig ekki hafa verið tilbúnar til að stunda kynlíf, sambandið sem þær voru í á þeim tíma hefði ekki verið komið á það stig og aðilinn sem þær höfðu stundað kynlíf með hefði ekki verið sá rétti. Drengir hins vegar höfðu meiri væntingar til kynlífs og var eftirsjá þeirra frekar sú að þær væntingar stóðust ekki, þó einhver hluti þeirra taldi sig einnig ekki hafa verið tilbúinn í kynlíf eða hafa stundað það með réttum aðila. Niðurstöður þeirra sýndu einnig að þeir unglingar sem horfðu hins vegar lítið á kynlífstengt efni í sjónvarpi sáu síður eftir sinni fyrstu kynlífsreynslu (Berry o.fl., 2009; Guðbjörg H. Kolbeins, 2006). Það að horfa á kynlífstengt efni í sjónvarpi eykur ekki bara líkurnar á frumraun unglunga til kynlífs heldur þá einnig í áhættu fyrir kynsjúkdómum, ótímabærum þungunum, eiga fleiri kynlífsfélaga og hafa jákvæðara viðhorf til framhjáalds ((Gerrard, Gibbons, Li, O'hara og Sarget, 2012; Guðbjörg H. Kolbeins, 2006).

Internetið er einn af þeim fjölmiðlum sem hefur farið stækkandi undanfarin ár og virðist ekkert lát vera á því. Þar er aðgengi að allskonar upplýsingum auðvelt en internetið er miklu meira en bara upplýsingalind fyrir unglunga. Þar er einnig hægt að

finna stefnumótasiður og kynlífssiður, sem eru hannaðar fyrir einstaklinga í leit að vináttu, sambandi og kynlífi. Slík samskipti fara gjarnan í gegnum síður sem innihalda spjallglugga, skilaboð og vefmyndavélar og hefur þessi leið til stefnumóta öðlast miklar vinsældir þar sem líkur á að hitta einhvern þar eru töluvert meiri en annars staðar. Þarna geta unglingar hist og spjallað saman undir nafnleynd og deilt þeim upplýsingum sem þau kæra sig um. Ef þeim líst vel á hvort annað er ákveðið stefnumót. Jákvæðu áhrifin af fjölmiðlun má meðal annars sjá í auðveldari samskiptaleiðum fyrir fólk. Þar geta þau leitað upplýsinga, stuðnings eða myndað vináttu með einhverjum sem þau eiga margt sameiginlegt með (Brown o.fl., 2009; Kanuga og Rosenfeld, 2004).

En þrátt fyrir að þessi nýstárlega leið til stefnumóta geti hljómað vel í eyrum margra eru þó ástæður til að varast. Þau neikvæðu áhrif eru að kynlíf sem sýnt er í fjölmiðlum er oft álitid eitthvað glæsilegt og hættulaust. Sjaldan eru neikvæðar afleiðingar kynlífs sýndar í fjölmiðlum og eru unglingar því líklegir til að tileinka sér þá áhættusömu kynhegðun er birtist þeim þar. Samkvæmt rannsókn sem tímaritið AIDS gerði kom í ljós að 65% af þeim einstaklingum sem höfðu fundið félagan inn á stefnumótasiðum stunduðu kynlíf á stefnumótinu en aðeins um 44% af þeim einstaklingum notuðu smokk. Það má því segja að internetið auki líkurnar á smiti kynsjúkdóma með því að bjóða upp á auðvelt aðgengi að kynlífsfundum með ókunnugum manneskjum. Einnig má sjá að unglingar, og þá frekar stúlkur, eru farnar að deila kynferðislegum myndum af sér í meira mæli en áður þekktist og má rekja það til auðveldara aðgengi að netmiðlum og farsímum. Með því læra þær að hlutgera sjálfa sig og hugsa um líkamann sinn sem einhvern hlut sem aðrir eiga að þrá (Brown o.fl., 2009; Kanuga og Rosenfeld, 2004).

Eftir því sem kynlíf og kynlífssumræðan verður sýnilegri í fjölmiðlum fá unglingar meira af óbeinni fræðslu um slíkt efni í gegnum fjölmiðla. Fjölmiðlar á borð við internetið hafa öðlast miklar vinsældir meðal unglunga undanfarin ár og eru þeir þar farnir að leita hinna ýmissa upplýsinga á borð við kynlíf, smitsjúkdóma og ótímabærar þunganir. Það er metið að um 75% af unglungum samtímans hafi notað internetið á einhverjum tímapunkti til þess að leita uppi heilsufarslegar upplýsingar um viðkvæm málefni og um 24% af 15 - 24 ára einstaklingum hafa viðurkennt að hafa nota þáð mikið í þeim tilgangi. Talið er að 44% af nettengdum unglungum noti internetið sérstaklega til þess að skoða heilsufarslegar upplýsingar um kynlíf. Ekki eru allir

sammála um gagnsemi þeirra upplýsinga og telja margir að hún feli í sér ranghugmyndir um hvað það er sem telst til eðlilegs kynlífs. Slík upplýsingaleit er þó ekki endilega af því slæma þar sem fagaðilar fylgjast gjarnan með umræðum á ákveðnum síðum þar sem þeir taka þátt í og jafnvel svara viðkvæmum spurningum frá unglingum sem finnst betra að fela sig bak við skjáinn í leit að svörum. Þó geta unglingar lent í því að fá upplýsingar og reynslusögur frá hvort öðru sem geta verið villandi og ekki áreiðanlegar staðreyndir (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, 2002b; Kanuga og Rosenfeld, 2004).

Kenna þarf unglingum hvernig á að leita að áreiðanlegum upplýsingum á netinu hvað kynlíf og kynhegðun varðar og þurfa foreldrar, kennarar og aðrir uppeldisaðilar að stýra þeim í rétta átt. Unglingar til að mynda sem nota slanguryrði í leitarorð af upplýsingum um kynlíf eru líklegri til að lenda á óáreiðanlegum heimildum sem gefa þeim rangar upplýsingar. Fjölmiðlar þurfa því að nota vald sitt til góðs og reyna að stuðla að góðum heimildum um kynlíf, finna fjölbreytilegar leiðir til að ná athygli þeirra varðandi mikilvægi kynheilbrigðis í stað þess að ýta undir áhættuhegðun unglunga í þeim efnum (Brown o.fl., 2009).

Í gegnum fræðslu fjölmiðla, gæti verið hægt að benda unglingum á að þær birtingarmyndir kynlífs er sjást í sjónvarpi eru ekki raunhæfar, en gæti það hjálpað þeim að þróa með sér betri skilning á því efni sem þar sést og hugsa á gagnrýninn hátt um það. Fjölmiðlar þurfa að stuðla betur að bættu kynheilbrigði og kynhegðun unglunga með gagnlegum upplýsingum og fræðslu á því sviði. Máttur fjölmiðla er mikill og eins og sjá má fyrir ofan birtist hann einstaklingum á margvíslegan hátt. Klámiðnaðurinn er ein hlið fjölmiðla og má sjá honum bregða fyrir á ýmsa vegu, en vegna þess er áhugavert að skoða hvaða áhrif áhorf á slíkt efni geta verið þegar kynheilbrigði unglunga er haft að leiðarljósi.

5 Klám

Orðið klám kemur úr forngrísku og merkir skrif um vændiskonur eða „*the graphic depiction of whores*” (Dworkin, 1993). Erfitt hefur reynst að tilgreina hvað klám sé í dag og hafa margvíslegar skilgreiningar á hugtakinu komið fram innan ólíkra fræðasviða. Til að mynda hefur Diana E. H. Russell (2000) skilgreint klám sem efni sem sameinar kynlíf

og/eða afhjúpar kynfæri með misnotkun eða niðurbroti á þann hátt sem virðist styðja, horfa framhjá eða hvetja til slíkra hegðunar. Hún gerir skýran greinarmun á erótík og klámi en erótík skilgreinir hún sem efni sem er kynferðislega tvírætt, það sé örvandi efni sem sé laust við kynjamisrétti og fordóma (Russell, 2000). Sjónarhorn Russell er því að mörgu leyti ekki ósvipað þeim kenningum innan róttækra femínismans sem einnig gerir greinarmun á útskýringu kláms og erótík (UNICEF, 2011). Sé hugtakinu klám aftur á móti flett upp í Íslensku alfræðiorðabókinni má finna eftirfarandi útskýringu:

„Lögfr. refsiverður verknaður fólgin í lostugri lýsingu á kynfærum, kynferðislegum stellingum, athöfnum eða hugsunum; varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi” (Íslenska alfræðiorðabókin, 1990).

Eins og sjá má eru skilgreiningar á klámi misjafnar og ólíkar eftir því hvert er leitað og er því erfitt að ákvarða hvaða efni flokkast undir klám og hvað ekki. Í ljósi þess getur reynst erfitt að fylgja settri löggjöf um klám en á Íslandi er klám samkvæmt lögum bannað. Samkvæmt 210. gr. almennrar hegningarlaga nr. 19/1940 er sala og dreifing á klámefni bannað, klám sem birtist á prenti er í ábyrgð þess sem birtir það samkvæmt prentilögum og skal sá og hinn sami sæta sektum fyrir slík athæfi eða fangelsisvist í allt að 6 mánuðum. Í lögunum kemur einnig fram að það varði sömu refsingu að flytja inn eða búa til klámefni sem ætlað er að selja, útbýta eða dreifa á einn eða annan hátt, inn í það fellur að bannað sé að efna til opinbers fyrirlesturs eða leiks sem er ósiðlegur á sama hátt. Það varðar enn fremur sömu refsingu að láta unglunga yngri en 18 ára hafa aðgang að klámriti, klámmyndum eða öðru slíku.

Þó svo að viðurlögin séu skýr um klámnotkun, sölu þess og dreifingu má því velta fyrir sér hvers vegna hvergi megi finna hina eiginlegu skilgreiningu á klámi í íslenskri löggjöf. Einnig er hægt að velta því upp hvernig samfélagið væri ef lögunum væri fylgt eftir og skýr rammi lægi fyrir um hvað flokkaðist sem klámefni. Skyldi klám - og kynlífsvæðing eiga erfiðara uppdráttar í samfélaginu væri reglunum fylgt eftir og er hin eiginlega klámmenning meðal annars tilkomin vegna óskýrra lína?

5.1 Klám- og kynlífsvæðing

Aðgengi að klámi verður sífellt auðveldara og hefur hin svokallaða klám -og kynlífsvæðing gert það að verkum að klám er orðið sjáanlegt í flestum fjölmiðlum sem varpa svo upplýsingum um kynlíf og líkamsímyndir út í samfélagið. Mörk þess leyfilega þenst út og verður klám sífellt viðurkenndara sem partur af samfélaginu.

Þegar klám er farið að smeygja sér inn í okkar daglega líf sem menningarlegt fyrirbæri er talað um klámvæðingu (*e. pornification*). Klám er viðurkennt í samfélaginu og færast hlutverk úr kláminu yfir á hversdagsleikann og birtast víða án þess að um eiginlegt klám sé að ræða. Áhrif kláms má sjá meðal annars í tónlistarmyndböndum, auglýsingum, sjónvarpsþáttum og fatnaði (Katrín A. Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011).

Á meðan klámvæðingin er samfélagslegt fyrirbæri nær kynlífsvæðingin fremur yfir einstaklinga samfélagsins. Bandaríska sálfræðifélagið (The American Psychological Association) skilgreinir kynlífsvæðingu (*e. sexualization*) út frá því að einstaklingur er metinn frá þröngt skilgreindum staðli sem metur kynþokka eingöngu út frá því að vera kynferðislega aðlaðandi. Með því er manneskjan hlutgerð (*e. objectification*) og er virði hennar metið út frá kynhegðun eða kynferðislegu aðdráttarafli. (American Psychological Association, 2007).

Kynlífsvæðingin nær þó ekki einungis yfir einstaklinga samfélagsins heldur hefur hún einnig áhrif á okkar menningu. Kynlífsvæðing menningarinnar (*e. sexualization of culture*) felur í sér þær breytingar, jákvæðar og neikvæðar, sem orðið hafa á opinberri umræðu, athöfnum, skoðunum og viðhorfum sem tengjast kynhegðun, klámi og kynhegðun. Þær neikvæðu breytingar sem orðið hafa í kjölfar klám- og kynlífsvæðingarinnar eru þær að kynlífi er breytt í neysluvöru auk þess sem skapast hefur umburðarlyndara viðhorf gagnvart hvers konar misnotkun er sjá má meðal annars birtast í grófu og ofbeldisfullu klámi. Ýmsar jákvæðar breytingar hafa þó líka sprottið út frá kynlífsvæðingu menningarinnar og má þar nefna aukin kynfræðsla, krafa um kynfrelsi, opinskárri umræða um kynlíf og viðurkenningar á mismunandi kynhneigðum (Katrín A. Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011).

Þó ætla mátti að bæði klám- og kynlífsvæðingin væru tiltölulega ný til komnar má þó rekja upphaf þeirra til seinni hluta níunda áratugarins. Fyrir tilstilli klámmynda á borð við Deep Throat og Emanuelle varð dreifing og sala á myndbandstækjum meiri

(Katrín A. Guðmundsdóttir, 2010). Klámiðnaðurinn átti ekki einungis stóran þátt í dreifingu og sölu á myndbandstækjum heldur einnig útbreiðslu internetsins, því viðameira sem internetið varð því meira varð um klámsíður innan þess (Katrín A. Guðmundsdóttir, 2010; McNair, 2002). Nú til dags má nálgast hvað sem er í gegnum internetið og má sjá birtingarmyndum klám- og kynlífsvæðingarinnar beint að breiðum markhóp og eru unglingar þar engin undantekning. Eftir því sem markhópurinn er yngri því meira bert hold má sýna, auðveldara er að vera á mörkum þess leyfilega og virðist klámvæðingin sem slík vera góð leið til að ná til unglinganna í auglýsingaskyni (Katrín A. Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011).

5.2 Viðhorf unglunga til kláms

Viðhorf kynjanna til kláms eru nokkuð ólík og byrja drengir að jafnaði fyrr að aldri en stúlkur að horfa á klám. Drengir horfa frekar og oftár á klám en stúlkur og nota það í mun meira mæli sem kynörvandi efni á meðan á sjálfsfróun stendur (Guðbjörg H. Kolbeinsdóttir, 2007). Munur liggur einnig í því hvernig klámefni kynin kjósa að horfa á. Stúlkur horfa frekar á mýkra klám á borð við erótískt efni og hópkylníf þar sem meira er af körlum en konum á meðan drengir kjósa frekar klám sem sýnir endaðarmsmök, munnmök, tvær konur saman og hópkylníf þar sem konur eru í meirihluta (Guðbjörg H. Kolbeins, 2007; Hald, 2006). Í ljósi þess er áhugavert að athuga hvað íslenskir unglingar telji til kláms, hver klámnotkun þeirra sé og hvort sjá megi þennan mun milli kynjanna.

Guðbjörg H. Kolbeinsdóttir (2007) gerði rannsókn á viðhorfi unglunga til kláms og hvaða skilgreiningar unglingar leggja í hugtakið klám. Hún valdi með tilviljunarúrtaki 1500 einstaklinga fædda á árunum 1987 - 1990 úr þjóðskrá til að taka þátt í rannsókninni. Eins og sjá má á töflu 5, að þegar kom að því að skilgreina klám var stór hluti unglinganna eða um 305 einstaklingar sammála um að myndir af nöktu fólki þar sem sæist í kynfæri þeirra væri klámefni.

Tafla 5. Hvað telja íslenskir unglingar til kláms eða klámfenginna athafna?

Efnisatriði	Drengir	Stúlkur	
Heildarhlutfall			
Myndir af fólki í kynþokkafullum fötum	6,8% (22)	11,8% (38)	18,6% (60)
Myndir af nöktu fólki	24,1% (78)	35,6% (115)	59,8% (193)
Myndir af nöktu fólki kyssast	14,9% (48)	25,3% (82)	40,2% (130)
Myndir af nöktu fólki snert sjálft sig	26,6% (86)	45,8% (148)	72,4% (234)
Myndir af nöktu fólki snerta aðra	27,2% (88)	44,9% (145)	72,1% (233)
Myndir af nöktum brjóstum	12,7% (41)	20,4% (66)	33,1% (107)
Myndir af kynfærum	23,5% (76)	38,7% (125)	62,2% (201)
Myndir af fólki að stunda kynlíf án þess að kynfæri sjáist	17% (55)	27,6% (89)	44,6% (144)
Myndir af fólki að stunda kynlíf þar sem sést í kynfæri	36,2% (117)	58,2% (188)	94,4% (305)

Taflan sýnir einnig að um 230 einstaklingum fannst myndir af nöktu fólki þar sem það snerti sjálfan sig eða aðra flokkast undir klám og um 200 einstaklingum fannst myndir af kynfærum vera klám. Mikill kynjamunur var á skoðunum unglinganna hvað þau flokkuðu sem klám og virðist sem strákum finnst kynþokkafullar myndir og nektarmyndir vera síður flokkaðar sem klám en stúlkum. Það virðist einnig vera mikið atriði að það sjáist í kynfæri til að hægt sé að telja eftirfarandi efni til kláms (Guðbjörg Kolbeinsdóttir, 2007).

Við athugun á klámnotkun íslenskra unglinga má einnig sjá tölverðan kynjamun. Barnaverndarstofa ásamt Rannsókn og greiningu stóð fyrir könnun árið 2004 meðal 10.472 íslenskra unglinga á aldrinum 16-24 ára og var meðal annars spurt að því hversu oft þau skoða klámböð eða horfa á klám í sjónvarpi, á myndbandi, dvd eða í gegnum internetið (Barnaverndarstofa og Rannsókn og greining, 2006). Eins og kemur fram í töflu 6 er tölverður kynjamunur þegar það kemur að klámnotkun íslenskra unglinga.

Tafla 6. Hlutfall 16-19 ára unglunga í framhaldsskólum eftir því hve oft þau skoða klámblöð, horfa á klám í sjónvarpi, myndbandi, DVD eða á internetinu.

Notkun	Drengir	Stúlkur
Nokkrum sinnum		
á ári eða sjaldnar	22%	89%
Nokkrum sinnum		
í mánuði	22%	8%
1-2 sinnum í viku	20%	2%
3 sinnum í viku		
eða oftar	37%	1%

Drengir horfa töluvert meira á klám en stúlkur og þegar kemur að klámnotkun þrisvar sinnum í viku eða oftar má sjá að það á við 37% drengja en aðeins 1% stúlkna. Stúlkur hins vegar eru í meiri hluta er kemur að klámnotkun nokkrum sinnum á ári eða sjaldnar og á það við 89% af þeim en aðeins 22% af drengjunum (Barnaverndarnefnd og Rannsókn og greining, 2006).

Meðalaldur íslenskra unglunga við fyrstu kynni af klámefni er í kringum 11,7 ára og hafa um 96% íslenskra drengja séð klám og 88,7% stúlkna á aldrinum 14-18 ára. Aðgangur að klámefni er nokkuð auðveldur og er algengt að unglingar sjái klám í sjónvarpi, í klámböðum, á internetinu og þá annað hvort á vefsíðum eða í gegnum spretti glugga (*e. pop-up window*). Niðurstöður í rannsókn Guðbjargar (2007) sýndi að íslenskum unglungum fannst klám sýna þeim að mögulegt væri að stunda kynlíf á margvíslegan hátt og að kynlíf væri yndisleg athöfn. Þá töldu aðeins 30% þátttakenda að kvenkyns klámleikarar væru kynferðislega örvaðar á meðan á töku stæði á móti að um 50% töldu karlkyns leikarana vera það (Guðbjörg H. Kolbeins, 2007).

Drengir virðast trú á því frekar en stúlkur að klám stuðli að betra kynlífi meðal fólks. Í rannsókn Guðbjargar H. Kolbeins (2007) mátti þó sjá að um 20% stúlkna voru á sama máli en 21% stúlkna töldu klám þó geta eyðilagt kynlíf hjá fólki. Töluverður munur var þegar kom að viðhorfi drengja gagnvart klámi en flestum fannst klám vera skemmtilegt, framleitt bæði fyrir konur og menn og veita gagnlegar upplýsingar. Stúlkum fannst klám frekar vera ógeðfellt og framleitt fyrir karlmenn þó nokkrar stúlkur voru sammála drengjunum. Aftur á móti þóttu fáum drengjum klám geta leitt til nauðgana eða vændis í samanburði við stúlkur og enn færri töldu það vera ógeðfellt. Bæði stúlkur og drengir voru sammála því að einstaklingar gætu orðið háðir klámi voru

ekki nema 15% sem töldu klám hafa einhver áhrif á kynlíf einstaklinga (Guðbjörg H. Kolbeins, 2007).

Augljóst er að með margvíslegum leiðum og auðveldum aðgangi hafa flest allir íslenskir unglingar séð klámefni í einhverju formi. Munurinn liggur þó milli kynjanna í magni og notkun þess efnis. Áhugavert er því að sjá hvort sá munur skilir sér einnig þegar kemur að áhrif kláms á kynhegðun unglinganna og ef svo er þá hvernig.

5.3 Áhrif kláms á kynhegðun unglinga

Þó nálgast megi klám á ýmsan hátt, líkt og í formi klámmynda eða tímarita og birtingarmyndir þess sé orðin hluti af okkar daglegri menningu þá er internetið sá miðill þar sem klámið þrífst hvar einna mest (Jochen og Valkenburg, 2006; Katrín A. Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011). Á internetinu má finna margvíslegar síður, hvort sem um er að ræða klámsíður með klámmyndböndum, síður þar sem þú getur horft í beinni á fólk stunda kynlíf með öðrum eða sjálfum sér, síður þar sem hægt er að taka þátt sjálfur í netkynlífi (e. cybersex) og fjöldinn allur af sprettigluggum sem innihalda einhvers konar myndir sem eiga að örva og heilla áhorfandann. Klám- og kynlífstengt efni eru í raun það efni sem flett er hvað oftast upp í leitarvélum og má gera ráð fyrir að unglingar komist ansi oft í nálægð við einhvers konar klámefni (Jochen og Valkenburg, 2006). Meirihluti þess kláms er sýnir samneyti karls og konu er laust við nánd, ástúð og mannlega tengingu. Konurnar eru ávallt reiðubúnar og spenntar fyrir kynlífi, hafa óseðjandi kynlífsþörf og fá þær allar fullnægingu sama hvað mótherjar þeirra gera (Flood, 2007).

Klámi í dag má líkja við og offitu, félagslegt vandamál sem eykst með tímanum og getur haft mjög neikvæðar afleiðingar, þá sérstaklega fyrir yngstu neytendurna. Má í raun segja að margir unglingar í dag séu komnir inn í ákveðna undirmenningu kláms þar sem atvik eins og skilaboðakynlíf (e. *sexting*) og það setja ögrandi myndir af sér fáklæddum inn á síður líkt og Facebook er talið eðlilegt og ekkert tiltökumál (Eberstadt, 2010). Þau áhrif er klám hefur á kynhegðun unglinga eru margvísleg og hafa rannsóknir sýnt fram á að traust gagnvart þeim sem unglingar eru nán kynferðislega hefur minnkað, sem og vonin um að aðilinn sé þeim trúr og er lauslæti orðið viðurkenndur lífstíll meðal sumra unglinga (Kanuga og Rosenfeld, 2004). Unglingar sem horfa á klám

eru líklegri til þess að eiga fleiri kynlífsfélaga, prufa áhættusamara kynlíf, herma eftir því sem klámið sýnir, þó þeirra fyrir klámefni eykst sem birtist á þann hátt að sífelld grófara efni er skoðað og eru þau einnig líklegri til þess að brjóta á einhverjum í kynlífi en þeir unglíngar sem horfa ekki á klám (Eberstadt, 2010; Guðbjörg H. Kolbeins, 2007). Einnig er algengara nú en áður að skyndikynni séu ekkert tiltökumál meðal unglíngs og þeir unglíngar er horfa á klám eru líklegri til þess að stunda endabarmsmök (Mansson og Martenson, 2010).

Í rannsókn sem Barnaverndarstofa og Rannsókn og greining gerðu árið 2004 á 16-19 ára íslenskum unglíngum má einnig sjá að klám getur haft áhrif á kynhegðun. Þar var meðal annars kannað viðhorf unglíngs gagnvart því að hafa kynmök sér til skemmtunar þó engar tilfinningar séu í spilinu, hvort þau væru sammála því að ekkert væri athugavert við það að hafa kynmök við marga einstaklinga á einu kvöldi og að greiða fyrir inngöngu í samkvæmi með kynlífsgreiða. Svörin við þessum þremur spurningum áttu það sameiginlegt að því oftast sem unglíngarnir horfðu á klám jukust líkurnar á því að þessir þrjú þættir voru taldir eitthvað sem væri allt í lagi. Það hlutfall stúlkna er horfði á klám einu sinni í viku eða oftast og fannst ekkert athugavert við að hafa kynmök sér til skemmtunar án þess að tilfinningar væru í spilinu var 38% og hjá drengjum var hlutfallið enn hærra eða 54%. Þegar kom að hvort í lagi væri að hafa kynmök við marga einstaklinga á sama kvöldi svöruðu 17% stúlkna er horfðu á klám einu sinni í viku eða oftast því játandi og 25% drengja og að lokum voru um 7% stúlkna og 14% drengja er höfðu horft á klám einu sinni í viku eða oftast höfðu greitt fyrir inngöngu í partý með kynferðislegum greiða. Þeir unglíngar sem horfðu hins vegar nokkrum sinnum á mánuði eða nokkrum sinnum á ári eða sjaldnar á klám svöruðu frekar þessum spurningum neitandi og var hlutfallið meðal þeirra mun lægra (Barnaverndarstofa og Rannsókn og greining, 2006).

Klám getur þó haft mismunandi áhrif á kynhegðun kynjanna og virðist sem að stúlkur verðir frekar óöruggar en drengir er kemur að kynlífi og finnist sem að væntingar drengja til þeirra hvað útlit og frammistöðu varðar sé borið saman við þær konur er koma fram í klámmyndum (Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson, 2006; Mansson og Martenson, 2010; Guðbjörg H. Kolbeins, 2010). Unglingsstúlkur fylgja því oft þeim kröfum sem gerðar eru á þær og eru mörkin á milli sjálfsviljugra

verka og þvingaðra oft mjög óljós í samskiptum kynjanna er kemur að kynlífi (Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson, 2006).

Þau áhrif sem klám hefur frekar á kynhegðun drengja en stúlkna eru sú að þeir verða líklegri til að stunda kynlíf án skuldbindingar, ólíklegri til að mynda vel heppnuð ástarsambönd þegar þeir eldast og trúa því frekar að það sé ekkert að því að áreita stúlkur kynferðislega (Chittenden og Holehouse, 2010). Klám getur einnig stuðlað að meira álagi fyrir drengi af hálfu karlkyns vina að því leyti að þeir séu fremur taldir til alvöru karlmanna með því að stunda mikið kynlíf og með mörgum aðilum (Flood, 2007). Pamela Paul, blaðamaður, tók viðtöl við 100 gagnkynhneigða karlkyns klámnotendur fyrir bók sína *Pornified: How pornography is transforming our lives, our relationships and our families*, en þar var almennt viðhorf þeirra að þeir myndu ósjálfrátt gera auknar væntingar í kynlífi til kærustu og eða konu sinnar út frá því sem þeir hafa séð í klámi og um leið misst getuna til að vera nánir konum. Margir þessarar karlmanna sögðu einnig að þeir ættu í miklum erfiðleikum með að æsast upp kynferðislega með “venjulegri konu,, og að kynlífið með kærustunni sinni væri í raun og veru ekki lengur til staðar (Eberstadt, 2010).

Unglingar virðast ekki gera sér almennilega grein fyrir þeim áhrifum er klám getur haft á kynhegðun þeirra og vanmeta valdið sem klámið hefur. Ein af ástæðunum fyrir því gæti verið sú að það að horfa á klám er oft einstaklings athöfn sem ekki er rædd við aðra, eða í það minnsta ekki í smáatriðum (Jochen og Valkenburg, 2006). Niðurstöður margra rannsókna sýna að klám getur haft neikvæð áhrif á einstaklinga og samfélög. Það mótar þekkingu einstaklinga á hinum ýmsu kynferðislegum athöfnum og gætu einhverjir talið það vera góða leið til þess. Klám sýnir þó kynlíf á óraunhæfan hátt, fer ekki inn á mikilvægi nándar, ástar, tengingar og rómantíkur og er því þegar uppi er staðið mjög léleg leið til að sýna unglíngum og öðrum hvernig kynlíf milli fólks getur í raun og veru verið. Til að hægt sé að vega upp á móti þeim óraunhæfu birtingarmyndum sem klám og gjarnan fjölmiðlar sýna er mikilvægt að góðar upplýsingar og fræðsla um heilbriggt kynlíf sé til staðar. Segja má að kynfræðsla sé áhrifamikil forvörn þegar það kemur að kynheilbrigði og upplýstu þjóðfélagi og verður hér fyrir neðan staða kynfræðslumála á Íslandi skoðuð auk þess sem mikilvægi forvarna verður rædd.

6 Kynfræðsla og forvarnir

Þegar þekking unglunga til kynfræðslu, kynsjúkdóma og getnaðarvarna er skoðuð má sjá að henni er ábótavant og er það áhyggjuefni í því ljósi að unglingar eru farnir að stunda kynlíf að meðaltali um fimmtán ára aldur. Algengt er að unglingar misskilja og hafi litla þekkingu um ýmis grunnatriði kynlífs, ekki síst er varðar alvarlega kynsjúkdóma, en bendir það til að kynfræðslu megi bæta innan menntakerfisins. Kynfræðsla innan menntakerfisins er mismikil og er illa skilgreint innan hvaða kennslugreina hún skuli vera veitt og eru kennarar og skólahjúkrunarfræðingar misvel reiðubúnir til þess að ræða viðkvæm mál sem og þessi (Eyjólfur Þorkelsson o.fl., 2008; Dagbjört Ásbjörnsdóttir, 2002b).

Kynfræðsla er þó ekki eingöngu bundin við menntakerfið og er mikilvægt að sú fræðsla fari víðar fram en bara á þeim vettvangi. Mikilvægt er að foreldrar taki einnig þátt í því að fræða börn sín um kynheilbrigði en talið er að foreldrar sinni frekar málum eins og útskýringu á tíðarhring kvenna og barneignum en um getnaðarvarnir og kynsjúkdóma. Fræðsla foreldra um kynlíf getur haft mikil áhrif á viðhorf og þekkingu unglunga til kynlífs, en niðurstöður rannsókna hafa bent á að þeir unglingar sem geta rætt notkun getnaðarvarna við foreldra sinna eru líklegri til þess að hafa jákvæðara viðhorf í garð varna en aðrir (Eyjólfur Þorkelsson o.fl., 2008).

Fleiri aðilar geta einnig tekið þátt í kynfræðslu ungmenna. Rannsóknir hafa sýnt fram á að heppilegt geti verið að fá utanaðkomandi fagaðila til að sjá um kynfræðslu unglunga, til dæmis innan menntakerfisins. Unglingar telja að umræður skapist frekar í kringum fræðslu sem utanaðkomandi aðili heldur frekar en aðili sem þau þekkja vel til. Í ljósi þess hafa hinar ýmsu stofnanir og aðilar tekið að sér að fræða unglunga á grundvelli jafningjafræðslu og má þar nefna Ástráð sem er félag læknanema, HIV Ísland auk Dagbjörtu Ásbjörnsdóttur mannfræðings, Guðbjörgu Eddu Hermannsdóttur og Sigurlaug Hauksdóttir félagsráðgjafa (Eyjólfur Þorkelsson o.fl., 2008; UNICEF, 2011).

Þrátt fyrir að kynfræðsla sé mikilvæg hefur hún þó mætt gagnrýni. Hún hefur verið gagnrýnd fyrir að vera of vandamáламиðuð þar sem hún sé bundin við umfjöllum um áhættuhegðun unglunga og minni áhersla lögð á styrkingu ungmenna til að auka færni þeirra á sviði kynlífs. Kynfræðsla miðast gjarnan við að koma í veg fyrir kynsjúkdóma og ótímabærar þunganir og hefur því skort umfjöllun um víðtækari leiðir sem hægt er að

fara til að fyrirbyggja kynsjúkdóma, auka umræðu unglunga um kynlíf og mikilvægi smokksins þegar á þarf að halda vandræðalaust. Mikilvægt er að unglingar læri einnig að vinna saman í hópum að ýmsum verkefnum eins og að vera gagnrýnin á skilaboð um kynlíf og læra færni í að takast á við aðstæður sem upp geta komið við kynferðisleg samskipti. Markmið alhliða kynfræðslu felst því í að styrkja sjálfsmynd einstaklings. Það er lögð áhersla á að allir nái að þroskast sem kynverur, átti sig á eigin gildum og deili þeim með öðrum. Einstaklingur á að geta myndað samband við aðra einstaklinga sem einkennist af heiðarleika og samþykki beggja aðila (Sóley S. Bender, 2006b).

Samkvæmt alþjóðaheilbrigðisstofnunni er mikilvægt að byggja upp kynferðislega heilbrigð samfélög, þau samfélög þurfa að bjóða upp á alhliða kynfræðslu fyrir einstaklinga. Með slíkri fræðslu er átt við að leggja grunn að viðhorfum, þekkingu, færni og gildismati í garð kynlífs. WHO telur einkum mikilvægt að kynfræðsla sé veitt innan menntakerfisins en einnig að minnihlutahópum eins og geðfötluðum, líkamlega fötluðum, nýbúum og föngum sé einnig veitt slík fræðsla (Sóley, S. Bender, 2006b). Hér fyrir neðan verður sú kynfræðsla og þær forvarnir sem í boði eru á Íslandi gagnvart þessu málefni betur skoðaðar auk þess sem skoðað verður hvað felst í hugtakinu forvarnir.

6.1 Forvarnir

Það er mikilvægt í upplýstu nútíma samfélagi að stuðla að kynheilbrigði fólks með forvörnum. Forvarnir hafa þann tilgang að auðvelda fólki að tjá sig um kynlíf, bera ábyrgð á sjálfum sér og að byggja upp gefandi og styrkjandi sambönd sem leiða til vellíðunar. Forvarnir stuðla að ábyrgri kynhegðun sem fela í sér að geta rætt um og notað þær getnaðarvarnir sem í boði eru auk þess að geta rætt um og farið í greiningu á kynsjúkdómum ef grunur leikur um smit. Það felst einnig í ábyrgri kynhegðun að gæta að heill annarrar manneskju í kynferðislegu sambandi (Sóley S. Bender 2006a).

Forvarnir felast í að fyrirbyggja þá áhættuþætti er hafa áhrif á heilsuna og skiptast í þrjú stig. Fyrsta stigs forvarnir eru almennar og beinast að fólki sem eru ekki í áhættuhópi og er markmiðið þá að draga úr tíðni sjúkdóma og heilbrigðisvandamála (Ása F. Kjartansdóttir, 2010). Þegar horft er á fyrsta stigs forvarnir út frá kynheilbrigði myndi þar falla undir að brýna fyrir unglungum að nota getnaðarvarnir og stuðla að

almennri fræðslu um kynlíf. Talið er að fyrsta stigs forvarnir séu ein hagkvæmasta leiðin að árangursríkri heilbrigðisþjónustu og hægt væri að draga úr því álagi sem er á heilbrigðiskerfinu með því að fjárfesta í forvörnum og koma þannig í veg fyrir margvíslega sjúkdóma (Chehimi og Cohen, 2007). Annars stigs forvarnir beinast að einstaklingum sem eru í hættu á að fá sjúkdóma eða lenda í slysum og er þar stuðlað að því að koma í veg fyrir að sjúkdómur þróist (Ása F. Kjartansdóttir, 2010; Jóhann H. Jóhannsson, 2001). Forvörnin beinist því til dæmis að óæskilegri hegðun unglunga sem hafa ekki brugðist við fyrsta stigs forvörnum og gæti falið í sér ráðgjöf til unglunga um það hvert hægt sé að leita ef grunur leikur á smiti um kynsjúkdóm. Þriðja stigs forvörnin snýr svo að því að halda sjúkdómi í skefjum og hjálpa einstaklingum að ná heilsu á ný (Ása F. Kjartansdóttir, 2010). Því gæti stuðningur og fræðsla falist á því stigi fyrir þá unglunga sem kljást við afleiðingar óábyrgar kynhegðunar, hvort sem um almenna vanlíðun væri að ræða, ótímabæra þungun eða kynsjúkdóma.

Þörf er á að stuðla að heildstæðri stefnumótun í kynheilbrigðismálum á Íslandi og þarf sú stefna að vinna markvisst að forvörnum á því sviði. Heildstæð stefna hefur ekki enn verið mörkuð í kynheilbrigðismálum á Íslandi og hefur skortur af þeirri stefnumótun í forvarna-, kynfræðslu- og heilbrigðismálum bitnað óneitanlega á börnum og unglungum með auknum vandamálum tengdum kynheilbrigði. Aðgerðir sem snúa að þessum málaflokk hafa verið brotakenndar og hefur yfirsýn yfir það sem hefur verið gert verið af skornum skammti ásamt því sem sjaldan hefur verið lagt mat á þær aðgerðir (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2010; Sóley S. Bender 2006b).

Árið 1975 var pólitískur vilji fyrir því að koma á stofn kynfræðsludeild á Heilsuverndunarstöðu Reykjavíkur sem veitti ungum stúlkum ráðgjöf og fræðslu um getnaðarvarnir. Árið 1993 eða 20 árum síðar var deildin lögð niður og ekkert annað úrræði stóð til boða og virtist því vera sem að ekki væri lengur pólitískur vilji fyrir því að stuðla að forvörnum á þessu sviði, þrátt fyrir ungan aldur við kynmök og háa tíðni þunganna unglingsstúlkna (Sóley S. Bender 2006b). Þó svo að staða forvarnamála á Íslandi sé enn nokkuð óljós hvað kynheilbrigðismál varðar má þó sjá í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 að heilsugæsla eigi meðal annars að sinna heilsuvernd og forvörnum. Í því ljósi er mjög áhugavert að þróun í þjónustu kynheilbrigðismála á Íslandi er fyrst og fremst að frumkvæði heilbrigðisstarfsmanna en ekki heilbrigðisyfirvalda eins og víða tíðkast erlendis (Sóley S. Bender 2006b).

Góður aðgangur að heilbrigðisþjónustu er því hægt að flokka undir ákveðna forvörn þegar það kemur að kynheilbrigðismálum. Það er mikilvægt fyrir einstakling að geta leitað aðstoðar ef upp koma vandamál tengd kynheilbrigði, geta leitað ráðgjafar og upplýsinga um þær varnir sem í boði eru auk þess að hafa aðgang að starfsfólki sem það treystir til að ræða málin við.

Sóley S. Bender gerði rannsókn árið 1996 á 2500 íslenskum unglingum á aldrinum 17-20 ára þar sem spurt var út í viðhorf þeirra til starfandi kynheilbrigðisþjónustu hér á landi. Af þeim sem svöruðu voru ekki nema 3% af þeim sem fannst hún góð, 25% fannst hún í lagi og 43% fannst hún ekki vera nægilega góð. Þegar unglingarnir voru spurðir út í hvernig þeir teldu að mögulegt væri að bæta kynheilbrigðisþjónustuna nefndu þeir meðal annars að hægt væri að hafa opna umræðuhópa á málefnum tengdum kynlífi, breyta opnunartímum heilsugæslanna og að í boði væri þjónusta sem myndi miðast fyrir fólk á þeirra aldri. Þau málefni sem þeim fannst mikilvægast að fá svör við voru á borð við notkun getnaðarvarna, neyðargetnaðarvarna og kynsjúkdómaprófa sem og upplýsingar um alnæmi (eða HIV veiruna). Helmingur viðmælenda fannst að slík þjónusta ætti að vera í boði í sérhúsnæði, þar að segja ekki á heilsugæslu eða sjúkrahúsi og vildi meirihluti viðmælenda geta nálgast slíka þjónustu nálægt sínu eigin heimili. Þó var það frekar álit þeirra er voru búsettir fyrir utan höfuðborgarsvæðisins og skipti þá einnig miklu máli að mæta skilningi starfsfólks. Þeir sem voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu fannst mikilvægara að slík þjónusta væri án endurgjalds og að algjör nafnleysi ríkti (Sóley S. Bender, 1999).

Á heildina litið fannst þátttakendum almennt að verð á getnaðarvörnum ætti að vera lægra og aðgengilegra og hægt væri að nálgast kynheilbrigðisþjónustu án endurgjalds. Stór hluti viðmælenda fannst mikilvægt að fá eins mikinn viðtalstíma og þeir þyrftu, að opnunartími væri þægilegur og umhverfið gott. Unglingarnir vildu ekki eiga á hættu að hitta foreldra sína, þurfa gangast undir leggangaskoðun við fyrstu heimsókn auk þess sem þeir vildu að hægt væri að nálgast fræðslubæklinga á slíkum þjónustustöðvum. Mestu máli skipti þó að starfsfólki myndi bera virðingu fyrir þeim, tækju vel á móti þeim, sýndi þeim skilning og að allt væri meðhöndlað sem trúnaðarmál (Sóley S. Bender, 1999).

Greinilega er margt sem betur má fara eins og sjá má á vef Embætti landlæknis er kemur að forvörnum kynheilbrigðis unglunga. Hlúa þarf vel að börnum að

uppvaxtarárum þeirra, tryggja gott aðgengi að smokkum, tryggja ungu fólki áframhaldandi aðgang að skoðun, greiningu og meðferð við kynsjúkdómum þeim að kostnaðarlausu og veita aðgengi að hormónagetnaðarvörnum, fræðslu og ráðgjöf (Embætti landlæknis, 2012). Staða kynfræðslumála á Íslandi hefur lengi verið óljós og þykir óljóst innan hvaða fræðigreina hún skuli vera kennd. Kynfræðsla er þó eitt sterkasta afl forvarna þegar kemur að kynheilbrigðismálum og verður því hér fyrir neðan staða kynfræðslu innan menntastofnanna skoðuð, hvernig kynfræðsla sé háttað að hálfu foreldra og jafningja sem og hvaða önnur úrræði eru í boði er kemur að kynfræðslu og kynheilbrigðismálum fyrir unglunga.

6.2 Kynfræðsla í skólum

Í lögum nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir er talað um skyldu fræðsluyfirvalda til að veita á skyldunámsstigi fræðslu um siðfræði og kynlíf. Fræðslu þessa skal einnig veita á öðrum námsstigum. Kynfræðsla hefst í grunnskóla en misjafnt er eftir skólum í hvaða bekk fræðslan hefst eða hver annast hana. Þeir sem sjá einna helst um hana eru kennarar, skólahjúkrunarfræðingar eða utanaðkomandi aðilar (WHO, 2001).

Í almenna hluta aðalnámskrár grunnskóla kemur fram að allt skólastarf þurfi að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan barna og unglunga. Skapa þarf jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem hlúið er að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum, er byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Þeir helstu þættir sem leggja þarf áherslu á eru meðal annars næring, jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin sem og annarra manna tilfinningum (Menningar- og menntamálaráðuneytið, 2011).

Sú námsgrein sem kennd er í grunn- og framhaldsskólum í dag og lýtur að kynfræðslu ungmenna er lífsleikni, sem er ætlað að efla ahliða þroska nemandans og búa hann betur undir að takast á við lífið. Lífsleikni á að efla félagsþroska, siðvit og virðingu nemenda fyrir sjálfum sér og öðrum sem og líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Veita þarf nemendum tækifæri til aukinnar sjálfsþekkingar svo þeir geti borið kennsl á þær sterku og veiku hliðar sínar. Kennsla í lífsleikni hefst í 4. bekk grunnskóla og lýkur á framhaldsskólastigi. Markmið lífsleikni eru margþætt en falla þau undir tvo

megin flokka, en þeir eru sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífstíll og svo samfélag, umhverfi náttúru og menningu (Menntamálaráðuneytið, 2007).

Séu markmið lífsleikni í þessum tveim flokkum í 8.- 10. bekk skoðuð má sjá að ekkert sem tengist kynfræðslu eða kynheilbrigði fellur undir flokkinn samfélag, umhverfi náttúru og menningu fyrr en komið er í 10. bekk, en þá er talað á að nemendur eigi að geta nýtt sér helstu fjölmiðla og lagt mat á fréttáflutning. Í því klámvædda samfélagi sem við búum í nú til dags er mjög mikilvægt að unglingar kunni einmitt að leggja mat á það efni sem fjölmiðlarnir senda frá sér. Flokkurinn sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífstíll hefur þó eitthvað fram að færa hvað kynfræðslu og kynheilbrigði varðar í þeim þremur efstu bekkjum grunnskóla, en eru markmiðin mismunandi eftir árgangi. Í lok 8. bekkjar á nemandi í lífsleikni að geta áttað sig á því að einstaklingar eru sífellt að miðla tilfinningum sín á milli, látið sitt hugarástand og líðan í ljós og lært að skilja hvernig fjölmiðlar skapa lífsstíl sem endurspeglast meðal annars í tilteknum kynhlutverkum og staðalímyndum (Menntamálaráðuneytið, 2007).

Markmið nemandanna við lok 9. bekkjar eru meðal annars þau að styrkjast í að vernda sín persónu- og tilfinningalegu mörk gegn óæskilegu áreiti og misbeitingu, læri að hugsa á gagnrýninn hátt um langanir sínar, væntingar og sérstöðu til að öðlast aukna sjálfsþekkingu, skynja félagslegar aðstæður til að geta vegið og metið hvort gerast skal þátttakandi í þeim, og læra að standast þrýsting til að gera eitthvað gegn betri vitund. Í 10. bekk er svo bætt við atriðum líkt og að nemendur læri að vera meðvitaðir um að siðvit og ábyrgð, persónuréttur og gagnkvæm virðing séu helstu mælikvarðar á siðferði og kynhegðun einstaklings. Þeir eiga einnig að kunna að meta á sjálfstæðan hátt eigin lífsgildi og lífsstíl óháð staðalímyndum samfélagsins og geta greint áhrifamátt auglýsinga. Áhugavert er að sjá að í þessari nýju námskrá lífsleikni í grunnskólum sem gefin var út árið 2007 er búið að taka út mikilvægan þátt sem kom fram í námskránni frá árinu 1999. Sá þáttur sagði að í lok námsins ættu nemendur að geta gert sér grein fyrir merkingu hugtakanna kyn, kynferði og kynhlutverk og hvaða hlutverki þau þjóna í kynímynd og kynupplifun einstaklinga (Menntamálaráðuneytið, 2007; Menntamálaráðuneytið, 1999a).

Lífsleikni í framhaldsskólum er á margan hátt mjög svipuð og þeirri lífsleikni sem kennd er í grunnskólum en þó nokkru viðameiri. Þau markmið sem nemendur skulu ná

þar eru meðal annars þau að vera meðvitaður um ábyrgð sína sem neytandi í margbreytilegu samfélagi, rækta með sér samkennd, virðingu og samhyggð fyrir skoðunum og lífsgildum annarra óháð kyni, kynferði, þjóðerni, trú og líkamlegu og andlegu atgervi. Þeir eiga að vera færir í tjáskiptum og fylgja eftir sínum skoðunum og tilfinningum sem og taka ábyrgð á sínu eigin lífi með því að taka ábyrga afstöðu til ýmissa áhættuþátta (Menntamálaráðuneytið, 1999b). Efni til kynfræðslu virðist því ekki vera afmarkað sem slíkt í námskrám grunn- og framhaldsskóla og veltir það upp þeirri spurningu hvort nemendur séu í raun og veru að fá næga kynfræðslu í sínum skólum.

Íslensk rannsókn er skoðaði viðhorf íslenskra unglinga gagnvart kynfræðslu og hvernig þeim fannst staðið að henni í grunnskólum landsins sýndi að þeir töldu flestir að skólum bæri að veita fræðslu um kynlífstengd efni. Þeir vildu einnig minni áherslu á líffræðileg atriði í kynfræðslu og frekar ræða kynlíf, kynsjúkdóma og hentugar getnaðarvarnir. Flestum fannst þeim svo að fræðslan ætti að byrja fyrr og að utanaðkomandi aðilar ættu að sjá um hana innan skólanna (Eyjólfur Þorkelsson o.fl., 2008).

Þar sem börn og unglingar eru farin að þroskast snemma líkamlega sem og áhugi þeirra gagnvart kynlífi vaknar einnig snemma, er mikilvægt að kynfræðsla innan menntakerfisins sem og annars staðar sé til staðar. Rannsóknir hafa sýnt að námskrár í skólum sem innihalda skýra og afmarkaða stefnu til kynfræðslumála og er fylgt eftir, geti seinkað kynlífið meðal unglinga, dregið úr fjölda skipta sem unglingar stunda kynlíf sem og fjölda kynlífsfélaga, aukið smokkanotkun, aukið notkun annarra getnaðarvarna og minnkað hlutfall kynlífs án varna. Einnig eykur slík kynfræðsla þekkingu unglinga á kynlífi og getur því spornað við þeirri hegðun sem setur unglinga í ákveðna áhættu við kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum (Kirby, 2011).

Þrátt fyrir að rúm þrjátíu ár sé síðan lög nr. 25/1975 voru sett til að efla kynfræðslu og ráðgjöf um kynlíf er ljóst að minna hefur orðið um efndir hvað það varðar. Hvorki er að finna opinbera heildarsýn eða stefnumörkun í málefnum kynfræðslu fyrir fagfólk hérlendis og áberandi er hvað kynfræðsla virðist brotkennd þegar litið er yfir markmið kynfræðslu í námskrám grunn- og framhaldsskóla (Jóna I. Jónsdóttir, 2009). Mikilvægt er að efla kennslu í kynfræðslu hér á landi til að upplýsa unglinga betur um áhættur, afleiðingar og ánægju í kynlífi og um leið reyna að minnka vandamál á borð við

kynsjúkdóma, ótímabærar þunganir, fóstureyðingar og þá tilfinningalegu erfiðleika sem geta komið í kjölfar þess upp að stunda kynlíf. Kynfræðsla á sér þó ekki einungis stað innan menntakerfisins heldur er mikilvægt að foreldrar taki þátt í að efla kynheilbrigði barna sinna. Áhugavert er því að skoða hvernig samskipti foreldra og unglunga á málefnum kynlífs séu og hvers konar fræðslu unglingar eru að fá heima fyrir.

6.3 Kynfræðsla af hálfu foreldra

Kynfræðsla er eins og áður sagði mikilvægur þáttur til að stuðla að kynheilbrigði unglunga. Mikið hefur verið fjallað um þátt menntakerfisins í þeim efnum en minna hefur farið fyrir umræðunni um ábyrgð foreldra. Umfjöllun um kynfræðslu hefur þó farið vaxandi í þjóðfélaginu undanfarin ár og hefur áhugi foreldra á þessum málum einnig sótt í aukanna. Foreldrum finnst þeir oft á tíðum bera að veita börnum sínum kynfræðslu og hafa ýmsar rannsóknir sýnt að yfir 80% foreldra hafi þá afstöðu. Foreldrum finnst jafnframt að sú fræðsla sem þeir veita börnum sínum vera mikilvægasta kynfræðslan sem börnin fá og virðist meiri hluti foreldra hafa þá trú að þeir veiti börnum sínum fullnægjandi kynfræðslu. Það er áhugavert að þrátt fyrir það virðast foreldrar ekki hafa eins mikla trú á hæfileikum annarra foreldra í þessum málum og hafa niðurstöður rannsókna sýnt að um 87% foreldra töldu sig veita börnum sínum mestu kynfræðslu en einungis 9% af þeim töldu að aðrir foreldrar gerðu slíkt hið sama. Þegar leitað var til unglunganna í þessum efnum skýrðu þeir frá minni kynfræðslu en foreldrar töldu sig hafa veitt auk þess sem upplifun þeirra á fræðslunni hafi verið sama og ekki nein (Lilja Sigurðardóttir, 2002).

Margir foreldrar halda í þá trú að kynlíf sé eitthvað sem ekki á að ræða og vilja þeir gjarnan bíða með að ræða slíkt fyrr en unglingurinn hefur tekið á skarið og spurt spurninga sjálfur. Það virðist þó margt benda til að sú leið sé ekki endilega af því góða. Margir unglingar spyrja aldrei spurninga um kynlíf þó svo spurningar séu farnar að vakna. Sé ekki rætt um kynlíf á heimilinu geti þau skilaboð komist til unglingsins að kynlíf sé sá hlutur sem ekki má tala um og því leitt til þess að þau ræði ekki það sem liggja þungt á þeim. Mikilvægt er að foreldrar taki á sig ábyrgð að opna umræðuna um kynlíf og skapa með því grundvöll fyrir áframhaldandi umfjöllun (Lilja Sigurðardóttir, 2002). Börn og fullorðnir verða geta rætt saman um þetta viðkvæma efni eins og hvern

annan málaflokk þar sem skoðanir og gildi foreldra gagnvart kynlífi eru unglingum nauðsynlegt mótvægi fyrir þeim villandi skilaboðum sem þau fá greiðan aðgang að í gegnum fjölmiðla. Það er mikilvægt að umræða um kynlíf sé opin á heimilum þar sem fjölskyldan er ein sterkasta fyrirmynd einstaklings. Foreldrar hafa samskipti við börn sín allt frá unga aldri þar sem þau miðla til þeirra þekkingu og fræðslu og er kynlíf því enginn eftirbátur. Sé talað opinskátt um kynlíf eru meiri líkur á að foreldrar byggji upp traust samband milli sín og barna sinna og leggi með því grunn að jákvæðri og heilbrigði sjálfsmýnd barna sinna í kynlífi auk þess sem börn eru þá líklegri til að leita svara við spurningum sínum innan heimilis sé umræðan um kynlíf þar opin (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hermannsdóttir, 2009).

Það að foreldrar veiti börnum sínum fræðslu um kynlíf, getnaðarvarnir og smitsjúkdóma skilar sér í auknu kynheilbrigði unglunga, þau byrja með því seinna að stunda kynlíf sem leiðir síður að eftirsjá, kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum. Kynfræðslan skilar sér því meðal annars í aukinni þekkingu og meðvituðum ákvörðunartökum er kemur að kynlífi (Dagbjört Ásbjörnsdóttir o.fl., 2009).

Í rannsókn sem Eyjólfur Þorkelsson o.fl. (2008) gerðu skoðuð þau meðal annars viðhorf ungmenna til kynfræðslu sem í boði er, rannsóknin var gerð á 17 ára unglingum í átta framhaldsskólum landsins og tóku 417 manns þátt í henni. Þegar spurt var unglunga hvaðan þau teldu að þau fengju helstu kynlífsfræðslu sína merktu flest allir við skóla, þar næst vinir og kunningjar en merkti aðeins lítil hluti unglungana við foreldra. Það er því greinilegt að kynfræðsla innan veggja heimilis er mjög bágborin og er mikilvægt að hefja vitundarvakningu í þeim málum. Kynfræðsla foreldra skiptir miklu máli eins og fyrr sagði og mikilvægt að foreldrar leyfi börnum sínum að vita að þau séu tilbúin að ræða um þennan málaflokk. Rannsókn er gerð var í Bandaríkjunum sýnir að þeir piltar sem finnast þeir geta rætt um kynlíf við foreldra sína eru töluvert líklegri til þess að nota smokkinn. Í sambærilegri rannsókn sem gerð var í Svíþjóð fékk aðeins rúmur helmingur ungmenna fræðslu frá foreldrum sínum og hér á landi var hlutfall fræðslu foreldra árið 2005 - 2006 aðeins 18% (Eyjólfur Þorkelsson o.fl, 2008).

Góð samskipti milli foreldra og unglunga skiptir miklu máli þegar kemur að móta viðhorf þeirra til kynlífs og kynhegðun, og þá sérstaklega samskipti unglunga við móður sína. Foreldrar verða að búa til andrúmsloft sem er opið fyrir gagnkvæmum samskiptum, vera opnir fyrir skoðunum barna sinna, forðast það að gagnrýna þau og

geta samræmt sín tilfinningalegu viðbrögð við hugmyndir barna unglunga sinna (Afifi, Aldeis og Joseph 2008; Braverman, Fong, Hutchington, Jemmott og Jemmott, 2003). Þegar unglingar trú á að foreldra vanti þá samskiptahæfni sem þarf til að geta tekið umræðu um kynlíf eru þeir líklegri til þess að forðast það umræðuefni við þá og vera hræddir um að segja frá sínum skoðunum. Foreldrar sem eru yfirvegaðir og móttækilegir fyrir skoðunum og hugmyndum unglunga sinna halda frekar umræðunni um kynlíf óformlegri og frjálslegri. Unglingarnir verða því oft minna stressaðir og eru með því minni líkur á þeir forðist þá umræðu. Með góðum samskiptum minnka líkurnar á því að unglingar taki áhættu er kemur að kynlífi, noti frekar getnaðarvarnir og stundi sjaldnar kynlíf (Afifi o.fl., 2008; Braverman o.fl., 2003).

Ekki skiptir meginmáli hversu oft foreldrar ræða við unglunga sína um kynlíf, heldur hvað þau segja og hvernig þau segja hlutina. Foreldrar sem sjálfir stunda frjálslegt kynlíf og eru opnir hvað það varðar fyrir börn sín, auka líkurnar á að þau hermi eftir þeirra hegðun og leiðist sjálf út í frjálslegt og opið kynlíf (Afifi o.fl., 2008). Miklu máli skiptir því að samskiptin séu rétt og góð þegar kemur að umræðu um kynlíf, en eykur það líkur á meira íhaldsbundnu viðhorfi unglunga til kynlífs, jákvæðari viðhorfi á notkun getnaðarvarna og að þeir þori að leita til foreldra sinna ef þeir telji sig þurfa þess. Einnig hefur það sýnt sig að þeir foreldrar sem hafa eftirlit með börnum sínum á fyrstu árum unglingskeiðsins geta með því seinkað fyrstu kynlífs reynslu barna sinna, en lélegt eftirlit eykur áhættuhegðun í kynlífi, líkur á ótímabærum þungunum, hvenær þau byrja að stunda kynlíf og hversu oft þau gera það (Boone, Lefkowitz og Shearer, 2004; Giordano, Longmore og Manning, 2001).

Bandarískur félagsfræðingur að nafni Amy Schalet gerði samanburðarannsókn á viðhorfi foreldra til kynhegðun unglunga. Hún kannaði annars vegar viðhorf bandarískra foreldra og hinsvegar viðhorf hollenskra foreldra. Niðurstöður hennar leiddu í ljós að viðhorf foreldra til kynhegðunar barna sinna höfðu mikil áhrif á það hvernig unglingar upplifðu og skilgreindu kynlíf auk þess sem viðhorf kynhegðunar væri mjög menningarbundin. Niðurstöður Schalets sýna að bandarískir foreldrar telja unglingsárin vera tímabil hormónabreytinga og taumlausra kynhvatar. Það virðist vera sem svo að almennt mat bandarískra foreldra telji hlutverk sitt vera að hafa taumhald á þessari hegðun barna sinna og vona að þetta taki fljótt enda. Hollenskir foreldrar telja aftur á móti að kynhegðun unglunga séu eðlilegur fylgifiskur aukins þroska þeirra og leggja þeir

Því mikið upp úr því að fræða unglunga um mikilvægi ástar. Hollenskir foreldrar leggja mikinn metnað í kynfræðslu barna sinna og fjalla um kynlíf á raunsæjan hátt. Bandarískir og hollenskir unglingar byrja þó að stunda kynlíf á svipuðum aldri, eða í kringum um 16 ára aldur en áhugavert er að sjá að bandarísku unglingsstúlkurnar eru allt að 9 sinnum líklegri til að verða ófrískar en þær hollensku. Áhugavert er að velta því fyrir sér hvort fræðsla foreldra um kynlíf geti skilað sér í meðvitaðri ákvörðunartöku er kemur að kynlífi, og með því hvert viðhorf íslenskra foreldra er í garð kynhegðunar barna sinna í ljósi þess að hlutfall ungra mæðra og tíðni fóstureyðinga unglingsstúlkna er með því hæsta sem tíðkast á Norðurlöndunum (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, 2002a).

Niðurstöður rannsókna benda því á mikilvægi þess að foreldrar taki ábyrgð og fjalli um kynlíf á sem raunsæjasta hátt innan veggja heimila. Öðlist unglingurinn traust til foreldra sinna um slík málefni og finni að það sé ekki feimnismál að ræða slíka hluti eru meiri líkur á að sá einstaklingur leiti til foreldra sinna með spurningar eða aðstoðar þegar á reynir. Vegna þess hve takmörkuð kynfræðsla foreldra er oft á tíðum til barna sinna má gera ráð fyrir því að unglingar leiti frekar til jafningja sinna er kemur að kynlífi en hver er þá þáttur jafningja þegar það kemur að kynfræðslu og í hverju skilar hann sér?

6.4 Kynfræðsla meðal jafningja

Rannsóknir hafa sýnt að unglingar sem ekki fá næga kynfræðslu í skólkerfinu eða heima fyrir ræða frekar við jafningja sína um kynlíf. Þeim þykir bæði þægilegra og auðveldara að ræða við vini sína um kynlíf en foreldra, og getur það stafað af því að foreldrarnir sjálfir virðast vera nokkuð óöruggir um sig á því sviði. Á meðan foreldrar ræða frekar neikvæðar afleiðingar kynlífs og reyna að hvetja börn sín til að nota getnaðarvarnir og stunda öruggt kynlíf, eiga jafnaldrar það til að fara í algjöra mótsögn við foreldra og hvetja vini sína til að gera eitthvað í kynlífi sem gæti haft neikvæðar afleiðingar. Þær samræður sem unglingar eiga við vini sína geta því sagt mikið um viðhorf þeirra gagnvart kynlífi, hvað þeir hafa prufað sjálfir á því sviði, sem og mótað kynhegðun þeirra á jákvæðan eða neikvæðan hátt (Afifi o.fl., 2008; Booth-Butterfield og Rittenour, 2006; Caron, Godin, Otis og Lambert, 2004; Epstein og Ward, 2008).

Unglingar velja vini út frá áhugamálum og geta þeir vinir annað hvort aukið líkurnar á áhættuhegðun eða dregið úr henni. Að gera eitthvað með vinahópi sínum,

hvort sem um ræðir að skrópa í tíma að læra undir próf, er oft auðveldara en að gera það einn og getur hvatt mann til að gera eitthvað sem maður hefði annars ekki gert, hvort sem það er uppbyggilegt eða skaðlegt (Berger, 2011). Unglingar sem hafa frekar íhaldsbundin viðhorf gagnvart kynlífi ræða frekar við vini sína um skírlíf, þær áhættur sem geta kynlífi fylgt, kynhegðun, tilfinningar og notkun smokka og annarra getnaðarvarna. Þeir unglíngar sem hafa hins vegar frekar frjálst viðhorf til kynlífs ræða slík málefni minna og eru gæði samskipta þeirra oftast minni en hjá unglíngum með íhaldsbundin viðhorf. Þeir virðast ræða frekar kynlífstengd málefni, tala minna um skírlífi og finnst mun þægilegra að ræða um kynlíf yfir höfuð en þeir unglíngar sem aðhyllast íhaldsbundin viðhorf. Það virðist þó skipta bæði unglíngum með íhaldsbundin viðhorf eða frjálst viðhorf máli að ræða um stefnumót og líkamlega ásýnd þess kyns er þeir hafa kynferðislegan áhuga á, og virðast stúlkur ræða almennt meira um kynferðisleg málefni við jafnaldr af sama kyni en drengir gera (Boone o.fl., 2004).

Rannsóknir hafa sýnt að því oftast sem unglíngar ræða við jafnaldr sína um kynlíf, því meiri líkur eru á því að þeir séu kynferðislega virkir og að viðhorf þeirra gagnvart kynlífi sé frjálst. Unglíngar hafa áhrif á hegðun hvors annars í gegnum þau samskipti og samtöl sem þeir eiga og virðast samtöl þeirra á kynlífstengdum málefnum endurspegla reynslu þeirra á því sviði. Þeir sem eru kynferðislega virkir eru líklegri til að hafa jákvæð viðhorf gagnvart kynlífi, og hafi þeir jákvæð viðhorf gagnvart notkun smokka eru þeir bæði líklegri til að nota þá sem og að ræða það við þann sem þeir stunda kynlíf með (Boone o.fl., 2004). Vegna jákvæðs viðhorfs þeirra eru þeir einnig líklegri til þess að koma inn á það við vini sína og jafnaldr hversu náttúrulegt, frjálst og frábært kynlíf sé. Kynferðislega virkir unglíngar ýta einnig frekar undir þær staðalímyndir karl- og kvenmanna er sjá má í samfélaginu og hvetja vini sína til að vera líka kynferðislega virkir, prufa sig áfram í þeim efnum, hvort sem um er að ræða í rómantísku sambandi eða utan þess. Kynlíf er látið líta einungis út sem eitthvað frjálst, skemmtilegt, jákvætt og öflugt og ýta oft drengir á aðra karlkyns vini sína að stunda það því það sé hluti af því að vera karlmaður (Epstein og Ward, 2008).

Má því segja að jafningjar hafa mikil áhrif á unglíngum er við kemur kynhegðun og kynheilbrigði og þeir aðhyllast fremur þau viðhorf sem sjá má í þeirra vinahópi. Vegna þess hve auðvelt er að ræða við vini um kynlíf, fremur en foreldra, leita unglíngar oft frekar þangað með þær spurningar sem þeim vantar svör við og geta þau svör mótað

þeirra hegðun og viðhorf á jákvæðan eða neikvæðan hátt. Því frjálsslegra sem viðhorfið er, því líklegra er að þeir séu eða verði kynferðislega virkir og spái minna í áhættuþáttum kynlífs á borð við kynsjúkdóma og ótímabærar þunganir og leiðist út í ákveðna áhættuhegðun í kynlífi. Vegna þess hve takmörkuð kynfræðslan er oft í skólkerfinu og heima fyrir, og stíð samskipti foreldra við börn sín geta verið varðandi kynlíf, er mikilvægt að unglingar geti leitað annað en einungis til jafningja sinna til að sporna við þeim neikvæðu áhrifum sem vinirnir geta haft. Hér fyrir neðan munum við skoða hvert íslenskir unglingar geta leitað með fyrirspurnir sínar varðandi kynlíf og hvaða þjónusta er í boði hjá þeim samtökum og stofnunum, en hafa rannsóknir sýnt að unglingum finnst oft gott að geta leitað til óháðs aðila með sín mál.

6.5 Samtök og stofnanir

Þrátt fyrir mikilvægi þess að menntakerfið jafnt sem foreldrar vinni að heilstæðri og skýrri stefnu innan kynfræðslu hafa niðurstöður rannsókna bent á að unglingar vilji frekar utanaðkomandi fagfólk til að sjá um og veita fræðsluna. Í rannsókninni *Viðhorf og þekking 16 ára unglunga á kynlífstengdu efni* voru unglingar spurð af því hver ætti að sjá um kynfræðsluna þeirra. Niðurstöður sýndu að 81% ungmennanna vildu fá læknanema eða hjúkrunarfræðinema árið 2005-2006 en það hafði hækkað úr 58% þegar þau voru spurð árið 2001. Unglingar töldu að frekari umræða myndi skapast um efnið sæi utanaðkomandi aðili um efni og fannst stúlkum þetta mikilvægara en strákuum, þessar niðurstöður samræmast niðurstöðum erlendra rannsókna (Eyjólfur Þorkelsson o.fl., 2008). Ýmis samtök og grasrótahópar hafa hrint af stað forvarnarstarfi tengdu kynheilbrigði ungs fólks hér á landi og sinna þau mikilvægu hlutverki er kemur að þeim málaflokki. Má þar meðal annars nefna Ástráð, HIV Ísland, Tótal ráðgjöf og 6h heilsunnar en hér fyrir neðan verða þau störf ásamt öðrum betur skoðuð.

Ástráður er forvarnarfélag læknanema sem byggist á óreglulegum heimsóknum í skóla landsins þar sem áhersla er lögð á að fræða unglunga landsins um kynsjúkdóma, getnaðarvarnir og fóstureyðingar. Hugmyndin af þessu forvarnarstarfi kviknaði með þátttöku í alþjóðastarfi læknanema, en læknanemar um víðan heim vinna að ýmsum heilbrigðis- og forvarnarmálum samhliða námi sínu. Áður en félagið lagði af stað var skoðað starf læknanema á Norðurlöndunum og skoðað hvað best hefði tekist hjá þeim.

Norskir læknanemar hafa meðal annars unnið í um 25 ár að sinni kynfræðslu og forvarnarstarfi sem þeir byggja á jafningjafræðslu og hafa aðrir norrænir læknanemar einnig skipulagt sambærilegt starf. Með þetta að leiðarljósi hófst undirbúningsvinna Ástráðar árið 1998 og með fjárstyrk Menntamálaráðuneytisins varð félagið að veruleika. Starfsemi félagsins er því unnið eftir aðferðum jafningjafræðslu og með því reynt að ná sem best til unglínganna. Ástráður fer um land allt með forvarnarfræðslu sína og hélt félagið um 156 fyrirlestra í 28 framhaldsskólum landsins starfsárið 2010-2011. Auk þess sem þeir héldu einnig 45 fyrirlestra í 22 grunnskólum og félagsmiðstöðvum (Ástráður, e.d.). Ástráður heldur einnig út heimasíðuna www.astradur.is þar sem hægt er að nálgast hinar ýmsu upplýsingar um getnaðarvarnir og kynsjúkdóma sem eru áreiðanlegar og hægt er að senda inn spurningar til læknanema sem þeir síðan svara.

HIV-Ísland eru alnæmissamtök Íslands, þau voru stofnuð árið 1988 og gekk þá undir nafninu Alnæmissamtökin á Íslandi. Meginmarkmið samtakanna er að auka skilning og þekkingu á alnæmi auk þess sem að styðja við bak smitaðra jafnt sem aðstandendur þeirra. Samtökin leggja meðal annars fyrir sig að leita nýrra leiða til að auka fræðslu og umræðu um alnæmi (Öryrkjabandalag Ísland, e.d.). HIV-Ísland hefur undanfarin ár heimsótt framhaldsskólanema landsins til að veita þeim fræðslu um kynsjúkdóma og smitleiðir og þá aðallega um HIV (UNICEF, 2011).

Áttavitinn vinnur einnig að forvarnarstörfum fyrir unglínga á aldrinum 16 - 25 ára. Áttavitinn er upplýsingalind, rekin af Hinu húsinu og er ætluð ungu fólki í upplýsingaleit. Áttavitinn heldur út heimasíðu sem var opnuð árið 2012 en hlutverk hennar er að veita unglíngum auðveldan aðgang að hagnýtum fróðleik um hin ýmsu svið lífsins, auðvelda þeim að taka meðvitaðar ákvarðanir og upplýsa þau um réttindi sín. Áttavitinn vinnur í samstarfi við Tótal ráðgjöf sem er samansettur af hópi fagaðila. Þeir fagaðilar veita alhliða ráðgjöf og taka að sér ýmiss verkefni, en meðal þeirra er til dæmis svörun á nafnlausum spurningum sem hægt er að senda inn á vef þeirra án endurgjalds (Áttavitinn, e.d.).

Tótal ráðgjöf er eins og fyrr segir hópur fagaðila sem veita alhliða upplýsingar fyrir ungt fólk á aldrinum 16 - 25 ára. Heimasíða þeirra www.totalradgjof.is hefur því það verkefni að gegna að veita ungu fólki svör við spurningum sínum. Einstaklingar geta sent inn á vefinn fyrirspurnir um hin ýmsu málefni eða í gegnum einkapóst, einnig sem

það stendur þeim til boða að mæta í ráðgjöf í gegnum síma eða í viðtal. Starfsfólk Tótal ráðgjöf vinnur markvisst af því að leiðbeina ungu fólki á réttan farveg í lífinu. Hver og einn starfsmaður hefur sitt sérsvið innan ráðgjafarinnar sem dæmi kynlífs-, ástar- eða sambands svið. Teymi Tótal ráðgjafar stendur af félagsráðgjöfum, kynlífsráðgjöfum, sálfræðingum, náms - og starfsráðgjöfum og hjúkrunarfræðingum svo dæmi megi nefna (Tótal Ráðgjöf, e.d.).

Heimasíða 6 h heilsunnar, 6h.is, veitir fræðslu um heilsu og þætti er tengjast henni og er hann einn af mikilvægustu þáttum í heilsuvernd barna. Vefurinn er samstarfsverkefni Heilsugæslu höfuðborgasvæðisins, barnaspítala Hringsins og Embættis landlæknis. Markmið vefsins er að veita áreiðanlegar og góðar upplýsingar er koma frá fagfólki um heilsutengda þætti fyrir börn, unglunga og foreldra. Nafn 6h heilsunnar er tilkomið vegna sex hugtaka er öll byrja á bókstafnum H og mynda þau hugtök umgjörðina í kringum vefinn. Þessi hugtök er hollusta, hreyfing, hamingja, hugrekki, hvíld og hreinlæti. Sjöunda hugtakið hefur þó einnig slegist í hópinn og er það hugtakið kynþroski en það hugtak er tengt við tölustafinn 6. Þegar fræðsluefni vefsins voru gerð voru atriði höfð í huga á borð við skýr markmið, að börn áttuðu sig á heildarmynd heilbrigðs lífstíls, að áhersla væri á jákvæðar og styrkjandi leiðbeiningar og að hverjum markhópi fyrir sig yrði þjónað, þar að segja börnum, unglungum og foreldrum (6H heilsunnar, e.d.a). Vefurinn 6h.is býður einnig upp á þann möguleika líkt og vefur ástráðar og áttavitans að hægt sé að senda inn fyrirspurnir til fagaðila sem gæta trúnaðar og svara eins fljótt og mögulegt er. Á vefsvæði 6h.is er hægt að velja annað hvort börn, unglingar eða foreldrar þar sem hver markhópur fyrir sig hefur auðvelt aðgengi að áreiðanlegum upplýsingum. Til að mynda inn á vef unglunganna er hægt að komast í hinar ýmsu greinar er snerta kynheilbrigði, sjálfsfróun, blæðingar og svefn svo dæmi séu tekin (6H heilsunnar, e.d.b).

Á Akureyri er síðan starfræk unglíngamóttaka fyrir fólk á aldrinum 13-20 ára og er þjónustan þar gjaldfrí. Unglíngamóttakan á Akureyri opnaði árið 1999 og var sú fyrsta á öllu landinu. Ekki þarf að pantast tíma og er móttakan opin á þriðjudögum kl. 15-16 á heilsugæslustöð Akureyrar. Á unglíngamóttökunni vinnur einn læknir og einn hjúkrunarfræðingur sem sinna þeim málum er unglíngar leita til þeirra með. Reynt er að sinna þörfum þeirra unglínganna sem eiga við tilfinningaleg vandamál að stríða líkt og kvíða, depurð, einelti, kynsjúkdóma, áfengis- og vímuefnamál eða vilja ræða

getnaðarvarnir og kynlífsvandamál. Markmið unglíngamóttökunnar er að bæta lífsgæði og aðstæður unglíngna og ungs fólks með því að efla sjálfsmynd og sjálfsöryggi þeirra sem og stuðla að jákvæðu félagsumhverfi unglíngna. Unnið er einnig markvisst að því að draga úr ótímabærum þungunum ungra kvenna með því að gera aðgengi að getnaðavörnum betra og veita fræðslu um siðfræði kynlífs og barneigna. Starfsfólk unglíngamóttökunnar reynir svo eftir besta megni að draga úr afleiðingum kynsjúkdóma líkt og ófrjósemi og bæta geðheilbrigði með aukinni þjónustu til þeirra sem eiga við tilfinningaleg vandamál að stríða (Heilsugæslustöðin á Akureyri, e.d.).

FKB eru samtök einstaklinga og félaga með það að meginmarkmiði að stuðla að heilbrigðu kynlífi og tímabærum barneignum, en er heimasíða þeirra www.fkb.is. Samtökin voru stofnuð árið 1992 af áhugafólki og eru þau aðilar að alþjóðasamtökum um fjölskylduáætlanir (IPPF). IPPF var stofnað árið 1952 og sjá samtökin um ráðgjöf, heilsugæslu á sviði kvensjúkdóma, HIV/eyðni tengda starfsemi, sjúkdómsgreiningar og meðferð sjúkdóma, mæðravernd og fóstureyðingartengda starfsemi á um það bil 40.000 þjónustustöðvum. Starfsemi FKB fellur því undir það sem IPPF stendur fyrir og er öllum er frjálst að gerast félagar í FKB þar sem samtökin eru opin og eru þau rekin án fjárhagnaðarsjónarmiða. Meginmarkmið FKB er að hafa aðgengilega og fjölbreytta þjónustu á sviði fjölskyldu áætlunar, þar sem hlutlaus fræðsla og ráðgjöf um kynlíf, getnaðarvarnir, barneignir og foreldrahlutverk stendur til boða. Samtökin vilja stuðla að ábyrgu kynlífi meðal ungs fólks og hvetja til bættrar kynfræðslu í menntakerfinu sem og gefa út fræðslufni og standa að námskeiðum fyrir fagfólk og almenning. Einnig taka samtökin þátt í alþjóðlegu samstarfi og hvetja til rannsókna á sviði kynlífs og fjölskylduáætlana (FKB, e.d.a.). FKB stefnir að því að vera þekkt fyrir sérfræðiþekkingu á kynheilbrigði, barneignum og réttindum því tengdu og leggja mikla áherslu á að útrýma kynsjúkdómum og sporna við útbreiðslu þeirra. FKB stefnir að því að gera kynfræðslu virkar og vill gera lagaákvæði því tengdu, svo unglíngar geti lifað heilbrigðu kynlífi með greiðan aðgang að ódýrum eða ókeypis getnaðavörnum. Framtíðarsýn þeirra er að öllum sé gert kleift að nýta rétt sinn til fræðslu um kynheilbrigði og þjónustu á því sviði til að geta lifað heilbrigðu kynlífi þar sem val er virt og fordómar ekki til staðar. Þau vilja einnig upplýsa almenning um kynheilbrigði og mikilvægi þess, berjast fyrir rétti kvenna fyrir löglegri fóstureyðingu, berjast gegn fordómum er varða

kynhegðun og stuðla að ódýrum og öruggum getnaðarvörnum fyrir unglunga (FKB, e.d.b.).

Ýmis verkefni hafa einnig sprottið upp undanfarin misseri með það að leiðarljósi að opna augu unglunga fyrir þeim óraunhæfu skilaboðum um kynlíf í samfélaginu, fræða þau um kynlíf og hvetja þau til að taka meðvitaðar ákvarðanir um kynlíf sitt. Sem dæmi um slíkt verkefni má nefna verkefnið *Fáðu já*, en það á að stuðla að vitundarvakningu ungmenna um þau óraunhæfu skilaboð um kynlíf sem finna má víðsvegar, hvetja unglunga til að fá samþykki í kynlífi og virða hvert annað (*Fáðu Já*, 2012). Eins og sjá má eru ýmislegar stofnanir og samtök í boði sem unglingar geta leitað til með spurningar sínar og vandamál og fengið þann stuðning sem þau þurfa á að halda. Þau geta fengið tilfinningalegan stuðning, sem og fræðslu, ráðgjöf og aðstoð með kynsjúkdóma. Á móti tekur þeim óháður fagaðili sem hlustar á þau og metur þeirra vandamál eftir bestu getu, en einnig er í boði fyrir unglunga að senda inn nafnlausar fyrirspurnir inn á vefsíður eða lesa nafnlausar fyrirspurnir annarra unglunga í leit að svörum.

Rannsóknir hafa sýnt að forvarnarstörf samtaka og stofnanna hafi jákvæð áhrif á viðhorf unglunga til kynhegðunar og aukins kynheilbrigðis en hefur það þó ekki verið sannað að slík forvarnarstörf skili sér þó marktækt til betri kynhegðunnar (Thomas, 2000). Þó má sjá að þau forvarnarstörf sem skila hvað besta árangir þegar kemur að kynhegðun unglunga hafa skýra stefnu auks aðgengilegra upplýsinga um stöðu og framvindu starfsins (Kirby, 2011).

7 Lokaorð

Það er góð ástæða fyrir því að vekja athygli á kynhegðun unglunga í nútíma samfélagi. Niðurstöður rannsókna benda á að þekking og viðhorf íslenskra unglunga er kemur að kynsjúkdómum og getnaðarvörnum er verulega ábótavant sem er áhyggjuefni þar sem aldur við fyrstu kynlífsreynslu hefur farið lækkandi undanfarin ár. Viðhorf unglunga til kynlífs virðist vera nokkuð frjálst ef marka má niðurstöður rannsókna og hafa þær meðal annars sýnt að um 67% ungmenna þykja í lagi að upphafs aldur við fyrstu kynlífsreynslu sé um 14 ára, en aðeins tæplega 8% telja að þeir séu reiðubúnir til þess að takast á við þær afleiðingar er geta fylgt kynlífi á þeim aldri (Eyólfur Þorkelsson o.fl. 2008). Það virðist einnig vera almennt viðhorf meðal stúlkna að eðlilegt sé að fyrsta kynlífsreynsla sé sársaukafull, það sé eitthvað sem þurfi bara að harka af sér (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, 2002a). Þegar viðhorf unglunga til kynhegðunar er skoðuð má að sjá að ýmislegt hefur áhrif þar á og má meðal annars nefna fjölmiðla, klám og skort á kynfræðslu í því samhengi.

Neikvæð áhrif kláms á kynlífshegðun unglunga hefur verið mikið í almennri umræðu á Íslandi undanfarin ár. Rannsóknir hafa sýnt að um helmingur stúlkna höfðu þá trú að drengjum þætti mótspyrna kynþokkafull í kynlífinu og að sama máli töldu um 31 af þeim að stúlkur meintu ekki nei þegar þær sögðu það við rekkjunaut sinn (Guðbjörg Kolbeins, 2007). Út frá þeim niðurstöðum er ekki annað hægt en að velja því fyrir sér hvort að hin svokallaða nauðgunarmýta sem gjarnan sést í fjölmiðlum auk klámmynda sé orðið samþykkt viðhorf meðal unglunga. Klám virðist einnig hafa áhrif á kynhegðun unglunga að því leyti að það efni sem kemur þeim fyrir sjónir virðist oft vera eitthvað sem þau telja eðlilegt og eru væntingarnar því eftir því. Slíkar væntingar geta leitt til þess að þeir drengir sem horfa á klám þyki kynlíf, sem ekki líkist því sem sést í klámmyndum, síður kynæsandi. Klám er frekar afþreying meðal drengja en stúlkna og getur það haft slæm áhrif á líkamsímynd stúlkna sem og sjálfsálit vegna þeirra staðalímynda sem þar birtast (Guðbjörg Kolbeins, 2007). Þær efast um útlit sitt og hvort þær geti staðist þá staðla er klámið setur upp. Niðurstöður úr rannsókn Barnaverndarstofu og Rannsókn og greiningu (2006) sýndu að því oftast sem unglingar horfðu á klám, því eðlilegra fannst þeim að hafa kynmök við fleiri en einn aðila á sama

kvöldi, hafa kynmök sér til skemmtunar án þess að tilfinningar væru í spiliinu eða greiða fyrir inngöngu í partý með kynlífsgreiða. Aðrar rannsóknir hafa einnig sýnt að endaparmsmök, munnmök og hóp kynlíf er orðið hluti af norminu meðal unglunga og ekki nema um helmingur unglunga taldi endaparmsmök og munnmök til kynlífs (Guðbjörg H. Kolbeins, 2007).

Unglingar verja stórum hluta af vökustundum sínum í fjölmiðlanotkun og notast við helstu form fjölmiðla að meðaltali í um sex til sjö tíma á dag, þá oft fleiri en einn í einu (Brown o.fl., 2009). Rannsóknir hafa sýnt að það að komast í reglulega snertingu við það óraunhæfa kynlífsefni í fjölmiðlum geti haft áhrif á hvenær unglingar fari að stunda kynlíf, hvort þeir nota getnaðarvarnir og hvers konar líkamsímynd þeir hafa gagnvart sjálfum sér og öðrum (Bogers o.fl., 2010). Fjölmiðlar dansa gjarnan á mörkum þess leyfilega og reyna með því að ganga eins langt og þeir mögulega geta, en þannig vekja þeir athygli. Sá hópur sem er hvað mest áhrifagjarn gagnvart því eru unglingar og er því ekki furðulegt að margt efni fjölmiðla hafi áhrif á hegðun og viðhorf unglunga. Klám smeygir sér inn í okkar daglega líf og birtist meðal annars í tónlist, þáttum, lögum og talsmáta án þess þó að um eiginlegt klám sé að ræða. Afleiðingar þess eru klám- og kynlífsvæðing en með þeim verða kynímyndir nútímans sífellt ýktari. Þær afleiðingar sem fylgja skilaboðum fjölmiðla um kynímyndir eru margs konar og má þá nefna átraskanir, kvíðaraskanir, lýtalækningar, léleg sjálfsmynd og sú hugmynd að kona sé undirtylla karlmansins. Sjálfsmynd einstaklings hefur mikið með það að gera hvernig einstaklingur hagar sér og hvaða ákvarðanir hann tekur. Sjálfsmyndin er samblanda af þeirri mynd sem einstaklingur sér sjálfan sig í og þeirri mynd sem hann vill spegla sig í samfélaginu og stendur mótun hennar sem hæst á unglingsárunum. Það getur verið erfitt að mynda heilbrigða sjálfsmynd þegar skilaboðum fjölmiðla rignir yfir okkur um hvernig við eigum að vera og hvað við eigum að gera. Staðalímyndir eru oft óraunhæfar og ýta því undir óraunhæfar kröfur hjá unglungum gagnvart sjálfum sér.

Þó undarlegt megi virðast hefur tíðni kynsjúkdóma, ótímabærra þungana og fóstureyðinga hækkað á undanförunum árum sem gefur þá vísbendingu um að kynfræðsla er ekki að skila sér til unglunga (Nordic Medico Statistical committee, 2011; Unicef, 2011). Þrátt fyrir að átök hafa orðið í forvarnarstörfum sem sjá má meðal annars með einföldu aðgengi að hagnýtum og fræðilegum upplýsingum á vef þeirra samtaka sem slíkum forvarnarstörfum sinna, hafa klamydíusmit samt sem áður

næstum tvöfaldast frá árinu 2000. Því miður benda niðurstöður rannsókna einnig á að íslenskir unglingar byrji ekki að nota getnaðarvarnir fyrr en eftir fyrstu kynlífsreynslu og má hugsa sér að ástæða þess gæti verið sú að kynlíf sé ekki fyrirfram ákveðið þegar það á sér stað í fyrsta skipti (Eyjólfur Þorkelsson, 2008).

Aðgerðir sem snúa að kynfræðslu málum á Íslandi hafa verið brotakenndar og hefur yfirsýn yfir það sem hefur verið gert verið að skorum skammt ásamt því sem sjaldan hefur verið lagt mat á þær aðgerðir (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2010; Sóley S. Bender 2006b). Formleg kynfræðsla virðist vera af skorum skammti og óljóst hver eigi að bera ábyrgð á kynfræðslu unglunga. Þrátt fyrir að í Aðalnámskrá grunnskóla komi fram að allt skólastarf beri að efla heilbrigði og stuðla að jákvæðri sjálfsmynd, andlegri vellíðan og kynheilbrigði svo dæmi séu tekin virðist illa skilgreint innan hvaða kennslugreina kynfræðsla skuli vera veitt. Þó mikilvægt sé að stuðla að betri og skýrari stefnu kynfræðslumála innan menntakerfisins má þó ekki gleyma mikilvægi foreldra í þeim efnum. Sú fræðsla er unglingar fá innan veggja heimilis er einnig afar mikilvæg og skilar það sér í auknu kynheilbrigði. Góð samskipti milli foreldra og unglunga skiptir miklu máli þegar kemur að mótun viðhorfa þeirra til kynlífs og kynhegðunar og er því mikilvægt að unglingar finni að það sé í lagi að ræða þessi mál á eðlilegan hátt. Séu foreldrar duglegir að opna umræðuna heima fyrir, fræða unglunga sína til dæmis um verjur og sjúkdóma eru meiri líkur á að unglingum finnist þessi mál ekki vera feimnismál og þori því að leita til foreldra sinna þegar upp koma spurningar. Þori unglingar ekki að leita til foreldranna og kynfræðslan sé ekki næg í menntakerfinu ræða þeir frekar við jafningja sína um þætti tengda kynlífi, en geta samræður þeirra sagt mikið til um viðhorf þeirra til kynlífs sem og hvort þeir eru farnir að stunda kynlíf og þá hvernig. Unglingar velja gjarnan vini út frá áhugamálum og geta vinirnir annað hvort aukið líkurnar á áhættuhegðun eða dregið úr henni. Séu jafningjarnir með íhaldsbundin viðhorf gagnvart kynlífi er líklegra að þeir ræði um þá áhættu sem getur fylgt kynlífi, getnaðarvarnir, skírlífi, kynhegðun og notkun smokka og annarra getnaðarvarna. Því frjálslagra hins vegar sem viðhorfið er, því minni eru gæði samskiptanna og jákvæðari viðhorf gagnvart kynlífi. Mikilvægt er að foreldrar geti átt í opnum og heiðarlegum samtölum við börn sín um kynlíf og einblíni ekki aðeins á neikvæða þætti, líkur eru á annars að jafningjarnir fari í mótsögn við foreldrana og hvetji vini sína til að gera eitthvað sem gæti haft í för með sér neikvæðar afleiðingar.

Margt bendir til að ýmislegt hafi áhrif á mótun kynheilbrigðis og kynhegðunar meðal ungmenna. Unglingar verða auðveldlega fyrir áhrifum umhverfis þar sem miklar og viðkvæmar breytingar eru að eiga sér stað bæði vitsmunalega, félagslega, tilfinningalega sem og líkamlega. Þau eru að eiga við það erfiða verkefni að vera móta sjálfsmynd sína og verða því auðveldlega fyrir áhrifum skilaboða umhverfisins hvað þau eigi að gera, hver þau séu og hvað þau vilja. Fjölmíðlar varpa fjöldanum öllum af skilaboðum út í þjóðfélagið og með aukinni klám- og kynlífsvæðingu fara þau skilaboð sífelld ögrandi. Viðhorf unglunga til kynlífs breytist með auknum tilvísunum í klám auk þess sem klámnotkun þeirra hefur mikið með það að segja hvernig kynhegðun þeirra er. Niðurstöður þessara ritgerðar hafa sýnt fram á mikilvægi þess að stuðlað sé enn frekar að kynfræðslu og vitundarvakningu ungmenna um óraunhæf skilaboð fjölmíðla og að skólar sem og foreldrar séu virkir í þeim efnum. Með því er hægt að vega upp á móti þeim óraunhæfum skilaboðum sem birtast víða í hinum ýmsu fjölmíðlum og draga úr neikvæðum afleiðingum kynlífs og óábyrgri kynhegðun. Breytt og frjálsslegra viðhorf unglunga til kynlífs kallar á fjölbreytilegri og breytilegri forvarnaraðgerðir í þeim málaflokki.

8 Heimildaskrá

- Afifi, T. D., Aldeis, D. og Joseph, A. (2008). Why can't we just talk about it?: An observational study of parents' and adolescents' conversations about sex. *Journal of Adolescent Research*, 23(6), 689-721
- Almenn Hegningarlög nr. 19/1940
- Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson. (2006). *Þetta er útum allt! Upplifun og viðhorf unglinga til kláms*. Nýsköpunarsjóður námsmanna: Rannsóknarstofa í kvenna-og kynjafræðum
- American Psychological Association. (2007). *Report of the APA task force on the sexualization of girls*. Washington DC: American Psychological Association, Task force on the Sexualization of Girls. Sótt 18. febrúar 2013 af <http://www.apa.org/pi/women/programs/girls/report.aspx>
- Angeleri, R., Giudice, M. D. og Manera, V. (2009). The Juvenile transition: A developmental switch point in human life history. *Elsevier*, 29(1), 1-31.
- Atli Dagbjartsson, Árni V. Þórsson, Gestur I. Pálsson, og Víkingur H. Arnórsson. (2000). Kynþroski Íslenskra stúlkna. *Læknablaðið*, 86, 649 - 653.
- Ása F. Kjartansdóttir. (2010). Heilsuefling og forvarnir á litlum og meðalstórum vinnustöðum. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 86(2), 6-11.
- Ástráður. (e.d.). *Um Ástráð*. Sótt 3. mars 2013 af <http://www.astradur.is/index.php/um-astrae>
- Áttavitinn. (e.d.). *Um Áttavitann*. Sótt 24. mars 2013 af <http://www.attavitinn.is/um-attavitann>
- Barnaverndarstofa og Rannsókn og greining. (2006). *Kynhegðun ungs fólks á Íslandi og kynferðisleg misnotkun á börnum*. Sótt 20. febrúar 2013 af <http://www.bvs.is/files/file425.pdf>
- Berger, K. S. (2011). *The developing person through the life span* (8. útgáfa). New York: Worth Publishers.
- BlazRoca. (2010). Við elskum þessar mellur. Á *KópaCabana* [hljóðdiskur]. Reykjavík: Geimsteinn.
- Biocca, F. (2000). New media technology and youth: Trends in the evolution of new media [rafræn útgáfa] *Journal of Adolescent Health*, 27, 22–29. Sótt 21. febrúar 2013 af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S1054139X00001361>

- Bogers, S., Engels, R. C. M. E., Kloosterman, M. og Tom, F. M. (2010). Shake it baby, shake it: Media preference, sexual attitudes and gender stereotypes among adolescents. *Sex roles*, 62, 844-859.
- Boone, T. L., Lefkowitz, E. S. og Shearer, C. L. (2004). Communication with best friends about sex-related topics during emerging adulthood. *Journal of Youth and Adolescence*, 33(4), 339-351.
- Booth-Butterfield, M. og Rittenour, C. E. (2006). College students' sexual health: Investigating the role of peer communication. *Qualitative Research Reports in Communication*, 7(1), 57-65.
- Bordo, S. (1992). Anorexia nervosa: Psychopathology as the crystallization of culture. Í H. Crowley og S. Himmelweit (Ritstýrir), *Knowing women. Feminism and knowledge* (bls. 90-109). U.K.: Polity Press í samvinnu við The Open University.
- Braverman, P., Fong, G. T., Hutchinson, M. J., Jemmott, J. B. og Jemmott, L. S. (2003). The role of mother-daughter sexual risk communication in reducing sexual risk behaviors among urban adolescents females: a prospective study. *Journal of Adolescent health*, 33(2), 98-107.
- Brown, J. D., Keller, S. og Stern, S. (2009). Sex, sexuality, sexting and SexEd: Adolescence and the media. *The Prevention Researcher*, 16(4), 12-16.
- Caron, F., Godin, G., Otis, J., og Lambert, L. D. (2004). Evaluation of a theoretically based AIDS/STD peer education program on postponing sexual intercourse and on condom use among adolescents attending high school. *Health Education Research*, 19(2), 185-197.
- Ciccarelli, S. K. og White, J. N. (2012). *Psychology an exploration* (2. útgáfa). New Jersey: Pearson.
- Chittenden, M. og Holehouse, M. (2010). Boys who see porn more likely to harass girls. *Sunday Times*, 7 - 8.
- Chehimi, S. og Cohen, L. (2007). The imperative for primary prevention. Í L. Cohen, V. Chavez og S. Chehimi (ritstj.) *Prevention is primary: Strategies for community wellbeing*, bls. 3-24. Sótt 17. febrúar 2013 af <http://www.preventioninstitute.org/component/jlibrary/article/id-102/127.html#chapterone>
- Cole, M., Cole, S. og Lightfoot, C. (2009). *The Development of Children* (6. útgáfa). New York: Wadsworth Thomson Learning.
- Connolly, J. og Mclsaac, C. (2011). Romantic relationships in adolescence. Í Marion K. Underwood og Lisa H. Rosen (ritstj.). *Social development: Relationships in infancy, childhood and adolescence*. The Guilford Press, 180 - 197

- Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir. (2009). *Samskipti foreldra og barna um kynlíf*. Sótt 6. mars 2013 af <http://www.landlaeknir.is/utgefing-efni/skjal/item11263/>
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir. (2002a). Kynlífssiðferði ungs fólks. *Vera*, 21, 16-19
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir. (2002b). *Spegill spegill herm þú mér... Ríkjandi umræða og kynlífsreynsla íslenskra unglinga*. Erindi flutt á málþinginu „Stöndum vörð um æskuna“. Sótt 15. febrúar 2013 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/dagbjort-asbjornsdottir.pdf>
- Dunphy, D. C. (1963). The social structure of urban adolescents peer groups. *Sociometry*, 26, 230 – 245.
- Dworkin, A. (1993). *Letters from a war zone: Pornography and male supremacy*. Lawrence Hill books, 226-234. Sótt 18. febrúar af <http://www.feministes-radicales.org/wp-content/uploads/2010/11/Andrea-DWORKIN-Letters-from-a-War-Zone-Writings-1988.pdf>
- Eberstadt, M. (2010). The weight of smut. *First Things*, 204, 47-52.
- Embætti landlæknis. (2012). Kynheilbrigði, unglingar og ungt fólk. Sótt 15. febrúar 2013 af <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/kynheilbrigdi/unglingar-og-ungt-folk/>
- Embætti landlæknis. (2005). Heilbrigðistöflfræði. Fóstureyðingar 2003. Sótt 15. febrúar 2013 af <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2741/version4/2750.pdf>
- Epstein, M. og Ward, L. M. (2008). Always use protection: Communication boys receive about sex from parents, peers, and the media. *The Journal of Youth Adolescence*, 37, 113-126.
- Erikson, E. H. (1968). *Identity: Youth and crisis*. London: Faber and Faber.
- Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þ. Einarsson, Kolbrún Gunnarsdóttir, Ragnar F. Ingvarsson, Reynir T. Geirsson og Sigurbjörg Bragadóttir. (2008). Viðhorf og þekking 16 ára unglinga á kynlífstengdu efni (rafræn útgáfa). *Læknablaðið*, 94, 453-460. Sótt 13. febrúar af <http://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1394/PDF/f02.pdf>
- Fáðu Já. (2012). *Fáðu já!* Sótt 20. mars 2013 af <http://faduja.is/fadu-ja/>
- Feldman, J. og Middleman, A. B. (2002). Adolescent sexuality and sexual behavior. *Adult and Pediatric Gynecology*, 14, 489-493.
- FKB. (e.d.a). *Markmið*. Sótt 24. mars 2013 af <http://www.fkb.is/UmFKB/Markmid/>

- FKB. (e.d.b). *Um FKB*. Sótt 24. mars 2013 af <http://www.fkb.is/UmFKB/>
- Flood, M. (2007). Exposure to pornography among youth in Australia. *Journal of Sociology*, 43(1), 45-60.
- Gentry, J. og Harrison, R. (2010). „Is advertising a barrier to male movement toward gender change?“ *Marketing Theory*, 10(1), 74-96
- Gerrard, M., Gibbons, F. X., Li, Z., O'hara, R. E. og Sargent, J. D. (2012). Greater Exposure to sexual content in popular movies predicts earlier sexual debut and increased sexual risk taking. *Psychological Science*, 23(9), 984-993.
- Gill, R. (2007). Postfeminist Media Culture: Elements of a Sensibility. *European Journal of Cultural Studies*, 10(2), 147 – 166.
- Gill, R. (2008). Empowerment/Sexism. Figuring Female Sexual Agency in Contemporary Advertising. *Feminism & Psychology*, 18(1), 35-60.
- Giordano, P. C., Longmore, M. og Manning, W. D. (2001). Preadolescent parenting strategies and teens dating and sexual initiation: A longitudinal analysis. *Journal of Marriage and Family*, 63(2), 322-335.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2006). *Hafa fjölmiðlar góð eða vond áhrif á viðhorf okkar til kynlífs?* Sótt 1.mars 2013 af <http://visindavefur.is/?id=5828>
- Guðbjörg H. Kolbeins. (2007). Pornography and sex among adolescents in Iceland. Í A.D. Sorensen og S.V. Knudsen (ritstjórar), *Unge, kon og pornografi i Norden Kvantitative studier*, 107-150. Kobenhavn: TemaNord
- Hald, G. M. (2006). Gender differences in pornography consumption among young hetetrosexual Danish adults. *Archives of Sexual Behavior*, 35(5), 577-585.
- Halla Ólafsdóttir. (e.d). *Hvað er sjálfsmynd? Jafningjafræðslan*. Sótt 1. mars 2013 af http://www.jafningjafraedslan.is/index.php?option=com_content&view=article&id=51:hvae-er-sjalfsmynd&catid=1:greinar&Itemid=8
- Heilsugæslustöðin á Akureyri. (e.d.) *Unglingamóttaka*. Sótt 24. mars 2013 af <http://www.akureyri.is/heilsugaeslan/unglingamottaka>
- Hollander, D. (2003). Even after having STD, many teenagers do not adopt safer sex practices. *Perspective on sexual and reproductive health*, 35(2), 103-104. Sótt 15. febrúar 2013 af <https://www.guttmacher.org/pubs/journals/3510303b.html>
- Íslenska alfræðiorðabókin H-O. (1990). Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir (ritstjórar). Reykjavík: Örn og Örlyngur.
- Johnson, K. A. og Tyler, K. A. (2007). Adolescent sexual onset: An intergenerational analysis. *Journal of Young Adolescence*, 36(1), 939-949.

- Jochen, P. og Valkenburg, P. M. (2006). Adolescents exposure to sexually explicit material on the internet. *Communication Research*, 33(2), 178-204.
- Jochen, P. og Valkenburg, P. M. (2007). Adolescents' Exposure to a Sexualized Media Environment and Their Notions of Women as Sex Objects. *Sex Roles*, 56, 381 – 395.
- Jóhann H. Jóhannsson. (2001). Forvarnir. *Læknablaðið*, 87, 485.
- Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. (2009, 5. nóvember). Standa stólpar kynheilbrigðismála á Íslandi brauðfótum? *Fréttablaðið*, bls. 31.
- Kanuga, M. og Rosenfeld, W. D. (2004). Adolescent sexuality and the internet: The good, the bad and the URL. *Journal of Pediatric and Adolescent Gynecology*, 17(2), 117-124.
- Katrín A. Guðmundsdóttir. (2010). *Ég lít ekki svo á að ég sé að breyta þjóðfélaginu: um auglýsingar, jafnrétti og markaðsstarf*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Stjórnmaladeild.
- Katrín A. Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2011). Að dansa á línunni: Kynbundin valdatengsl og klámvæðing í auglýsingum. Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XII: Stjórnmalafraeðideild*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011 (bls 86-93). Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Sótt 18. febrúar af http://skemman.is/stream/get/1946/10251/25562/3/Rannsoknir_%C3%AD_felagsvisindum_XII_Stjornmalafrae%60dideild.pdf
- Kirby, D. (2011). Sex education: Access and impact on sexual behavior of young people. *United Nations Expert Group Meeting on Adolescents, youth and development*. New York: Department of Economic and Social Affairs.
- Kubrin, C. E. og Weitzer, R (2009). Misogyny in Rap Music: A Content Analysis of Prevalence and Meanings. *Men and Masculinities*, 12(3)
- Lilja Sigurðardóttir. (2002). Foreldrar og kynfræðsla. *Heimili og skóli*, 1(9), 4-5.
- Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007
- Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975
- Maltz, W. (1995). The Maltz hierarchy of sexual interaction. *Journal on Sexual Addiction and Compulsivity*, 2(1), 5-18.
- Mansson, S. A. og Martenson, L. L. (2010). Lust, love, and life: a qualitative study of Swedish adolescents' perceptions and experiences with pornography. *Journal of Sex Research*, 47(6), 568-579.

- Martino, S. C., Collins, R. L., Elliott, M. N., Kanouse, D. E. og Berry, S. H. (2009). It's Better on TV: Does Television Set Teenagers Up for Regret Following Sexual Initiation? *Perspectives on Sexual and Reproductive Health*, 41(2), 92–100.
- McNair, B. (2002). *Striptease culture: Sex, media and the democratization of desire*. London: Routledge.
- Menntamálaráðuneytið 1999a. Aðalnámskrá Grunnskóla: Lífsleikni. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið 1999b. Aðalnámskrá framhaldsskóla: Lífsleikni. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2005). *Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneyti.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). Aðalnámskrá grunnskóla: Lífsleikni. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Nordic Medico Statistical Committee (NOMESCO). (2004). *Health statistics in the Nordic Countries 2002*.
- Nordic Medico Statistical Committee (NOMESCO). (2011). *Health statistic for the Nordic countries 2011*. Sótt 15. febrúar 2013 af <http://nomesco-eng.nom-no.dk/filer/publikationer/Helsstat%202011.pdf>
- Russell, D. H. (2000). Pornography and rape: A causal model. D. Cornell (ristjóri). *Oxford readings in feminism: Feminism and pornography*. Oxford: Oxford University Press.
- Rúnar Steinn Benediktsson. (2008). *Hvernig er þín sjálfsmynd?* Sótt 4. febrúar 2013 af http://www.jafningjafraedslan.is/index.php?option=com_content&view=article&id=3:hverniger-tin-sjalfsmynd&catid=1:greinar&Itemid=8.
- Sigrún Þorgeirsdóttir. (2005). Breast Augmentation Surgery: Empowerment in Time of Pornography. *Coping With Ethics*, bls. 323-342.
- Sigurður Ingi Árnason og Þorbjörn Broddason. (2010). Netnotkun íslenskra ungmenna. Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar), *Rannsóknir í Félagsvísindum XI* (bls. 267-275). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sóley S. Bender. (2006a). Kynlífsheilbrigði: frá þögn til þekkingar. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 82, 46-50.
- Sóley S. Bender. (2006b). Kynlífsheilbrigði: þörf fyrir stefnumótun. *Tímarit*

hjúkrunarfræðinga, 82, 52-56.

Sóley S. Bender. (1999). Attitudes of Icelandic young people toward sexual and reproductive health services. *Family Planning Perspectives*, 31(6), 294-301.

Sóley S. Bender, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sólveig Jóhannsdóttir. (2011). *Ungt fólk og kynlíf – kennarahandbók*. Reykjavík: Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir.

Thomas, M.H. (2000). Abstinence-based programs for prevention of adolescent pregnancies. A review. *The Journal of adolescent health*. 26(1), 5-17

Tótalráðgjöf. (e.d.). *Um Tótalráðgjöf*. Sótt 24. mars 2013 af http://hitthusid.is/desktopdefault.aspx/tabid-572/1447_view-1006/

World Health Organization (WHO). (e.d.a). *Sexual Health*. Sótt 26. febrúar 2013 af http://www.who.int/topics/sexual_health/en/

World Health Organization (WHO). (2001). WHO regional strategy on sexual and reproductive health. Copenhagen: WHO

Umboðsmaður barna. (e.d). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Sótt 21. febrúar 2013 af http://www.barn.is/barn/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/.

UNICEF. (2011). Staða barna á Íslandi 2011. Sótt 1. febrúar 2013 af http://unicef.is/files/file/UNICEF_skyrsla_um_stodu_barna_2011.pdf

UmMig. (e.d.). *Unglingurinn minn*. Sótt 1. mars 2013 af http://ummig.is/grein.php?id_grein=112

Þorgerður Einarsdóttir. (2010). Kreppur og kerfishrun í ljósi kyngerva og þegnréttar. *Íslenska þjóðfélagið* 1(1) 27-48.

Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið: Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli? í *Rannsóknir í Félagsvísindum VII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006* (ritstj. Úlfar Hauksson), bls. 445-456. Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Öryrkjabandalag Íslands. (e.d.). *HIV-Ísland alnæmissamtökin á Íslandi*. Sótt 20. mars 2013 af <http://www.obi.is/adildarfelog/adildarfelogin/nr/744>

6 H heilsunnar. (e.d.a.) *Um 6 H*. Sótt 24. mars 2013 af <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=273&Itemid=296>

6 H heilsunnar. (e.d.b). *Unglingar*. Sótt 24. mars 2013 af <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=11&Itemid=34>